



BA ritgerð

Almenn bókmenntafræði

Egils saga og Kiljunnar

Um sögu sjónvarpsþáttarins Kiljunnar og áhrif hans á
bókmenntalíf Íslendinga

Svanur Már Snorrason

Leiðbeinandi: Úlfhildur Dagsdóttir
Júní 2019



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Almenn bókmenntafræði

Egils saga og Kiljunnar

*Um sögu sjónvarpsþáttarins Kiljunnar og áhrif hans á
bókmenntalíf Íslendinga*

Ritgerð til B.A.-prófs

Svanur Már Snorrason

Kt.: 250571-3219

Leiðbeinandi: Úlfhildur Dagsdóttir

Júní 2019

Útdráttur

Í þessari ritgerð er umfjöllunarefnið sjónvarpsþátturinn Kiljan, á RÚV, sem og stjórnandi hans, Egill Helgason, en þátturinn fjallar um bókmenntir vítt og breitt, íslenskar sem erlendar, þó mun meira um íslenskar. Hér verður rakin saga þáttarins frá upphafi, en tæp tólf ár eru liðin síðan fyrsti þátturinn fór í loftið, og Egill Helgason hefur haldið um stjórnartaumana frá upphafi.

Þátturinn er sá menningarþáttur sem lengst hefur verið samfelld á dagskrá hjá RÚV og er það eitt og sér næg ástæða til að gera honum skil í ritgerð sem þessari.

Aðalmarkmið ritgerðarinnar er að draga fram heildarmynd af sjónvarpsþætti um bókmenntir á Íslandi sem sló í gegn undir stjórn manns sem lauk ekki stúdentsprófi og gnæfir yfir allri bókmenntaumfjöllun á Íslandi. Kiljan er langáhrifamesti þáttur um bókmenntir á Íslandi, og líklega hefur enginn menningarþáttur haft eins mikil áhrif og völd í íslensku sjónvarpi frá stofnun þess.

Abstract

The subject of this essay is Kiljan, a television programme on The Icelandic National Broadcasting Service, Ríkisútvarpið (RÚV for short), and its host, Egill Helgason. Kiljan looks at literature on a wide spectrum, Icelandic and foreign, whilst focusing on Icelandic literature.

The show's nearly 12 year history, all featuring Egill Helgason as its host, will be traced from its beginnings.

Kiljan is the longest running continuous culture television programme on RÚV and that alone is reason enough to make it the focus of this essay.

The primary objective is to put the focal point on a popular television show about literature in Iceland, whose host did not finish high school. Yet Kiljan towers over all literary criticism in Iceland. Kiljan is, by far, the most influential television programme about literature in Iceland. It is unlikely that any show about culture has had as much power and influence in Icelandic television since its beginning in 1966.

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	3
2	Menningarumfjöllun og gagnrýni.....	4
3	Kiljan stutt yfirlit	11
4	Guðfaðirinn. Péturs saga Gunnarssonar	12
5	„Ómenntaða“ sjónvarpsstjarnan Egill Helgason	14
6	Útgefendur, áhrif, bóksala og bókasöfn.....	18
7	Egill og gagnrýnin	21
8	„Málsmetandi menningarvitar“ um Egil og Kiljuna.....	26
9	Lokaorð.....	35
	Heimildaskrá.....	36

1 Inngangur

Meginmarkmiðið með þessari ritgerð – rannsóknarspurningin – er að komast að því hvort bókmenntaþátturinn Kiljan í umsjón Egils Helgason sé áhrifamikill þáttur varðandi bókmenntalíf Íslendinga; hvort þátturinn, stjórnandi hans og það fólk sem vinnur sem gagnrýnendur við þáttinn hafi mikil áhrif á sölu bóka hér á landi sem og útlán bóka á bókasöfnum landsins. Skoðað verður það bókmenntalega „landslag“ sem Kiljan er í með tilliti til menningarumfjöllunar og bókagagnrýni hér á landi. Metin verða áhrif þáttarins á bókaútgáfu, bóksölu og bókasöfn á Íslandi. Einnig er ætlunin með ritgerðinni að varpa ljósi á sögu sjónvarpsþáttarins Kiljunnar frá upphafi sem og á stjórnanda hans, Egil Helgason, sem starfað hefur við fjölmiðla í hartnær fjóra áratugi. Þá verður skoðuð gagnrýni sem þátturinn og stjórnandi hans hafa fengið og hvernig stjórnandinn hefur brugðist við henni. Fjallað verður um „menntunarleysi“ þáttastjórnandans Egils Helgasonar og ástæðurnar fyrir því að Egill hefur haldið velli svo lengi og um stöðu hans sem „bókmenntapáfa.“

Meginefni ritgerðarinnar er skipt upp í fimm kafla: Í 2. kafla er skoðuð staða menningarumfjöllunar og bókmenntagagnrýni í fjölmiðlum á Íslandi í dag og reynt að komast að því í hvernig „bókmennta- og menningarlandslagi“ Kilja Egils Helgasonar er stödd í. Í 4. kafla er rætt við „Guðföður“ Kiljunnar, rithöfundinn Pétur Gunnarsson, en hann átti mikinn þátt í því að vikulegur þáttur um bókmenntir í sjónvarpi á RÚV varð að veruleika. Í 5. kafla er fjallað um stjórnandann Egil Helgason og langan feril hans í fjölmiðlum sem og „menntunarleysi“ hans. Í 6. kafla er rætt við Jóhann Pál Valdimarsson bókaútgefanda til áratuga um áhrif Kiljunnar á bóksölu. Þar er líka að finna umfjöllun og viðtöl sem tengjast bóksölu og bókasafni. Í 7. kafla er fjallað um Egil og eitthvað af þeirri gagnrýni sem er að finna á hann og þáttinn og viðbrögð Egils við henni. Í 8. kafla er að finna við viðtöl við „málsmetandi menningarvita“ sem hafa eitt og annað að segja um Egil og Kiljuna; viðtöl við reynslumikið fólk sem starfað hefur við „menningu“ á hinum ýmsu fjölmiðlum á Íslandi, við bókaútgáfu, fræðiskrif og kennslu í bókmenntum og listum.

2 Menningarumfjöllun og gagnrýni

Í þessum kafla er þróun sjónvarpsáhorfs og staða menningarblaðamennsku og bókagagnrýni í fjölmiðlum á Íslandi til umfjöllunar. Tilgangurinn er að átta sig á því í hvaða „fjölmiðlalandslagi“ þáttur Egils Helgason, Kiljan, er.

Þegar sjónvarpsútsendingar hófust á vegum Ríkisútvarpsins þann 30. september árið 1966 „varð byltingharkennd breyting í íslenska fjölmiðlaheiminum sem hafði víðtæk og varanleg á gömlu dægurmiðlana, dagblöð og hljóðvarp.“ Samkeppnin sem sjónvarp veitti öðrum miðlum hafi ekki einasta falist í „sérstöðu og yfirburðum nýrrar tækni heldur einnig í því að hjá sjónvarpinu réðst til starfa ungt fólk með ferskar hugmyndir.“ Einnig að daglegt líf hins venjulega Íslendinga á þessum tíma hafi tekið „miklum stakkaskiptum þar sem menn losuðu nánast á einni nóttu fáeinar klukkustundir á dag frá annarri iðju (eða iðjuleysi) og tóku að verja þeim fyrir framan sjónvarpsskjáinn“ (Þorbjörn Broddason, 2005, bls 76).

Fyrstu fjöldaframleiddu sjónvarpstækin í heiminum komu á markað í Bandaríkjunum árið 1946 og þessi nýi miðill átti eftir að hafa mikil áhrif á afþreyingu fólks um allan heim. Vissulega tók það nokkurn tíma fyrir sjónvarpið að festa sig í sessi, en eftir að það gerðist var fljótlega ljóst að hér var á ferð ótrúlega öflugur miðill sem hefur bara orðið sterkari og sterkari með hverjum áratugnum sem liðið hefur. Framleiðsla á sjónvarpsefni er og hefur verið gífurleg, ekki bara í Bandaríkjunum heldur um allan heim:

Árið 2015, samkvæmt mjög grófum, barnalegum útreikningum (mínum), ef þú myndir spila allt efni sem hefur verið á öllum sjónvarpsstöðvum Bandaríkjanna á öllum tíma sólahringsins, tæki það 5000 ár að spilast, plús, mínus eina öld. (David Thomson, 2016, bls. 17-18)

Ef allt sjónvarpsefni sem framleitt hefur verið utan Bandaríkjanna væri tekið með í reikningnum er ekki ósennilegt að um nokkrar „aldir“ af sjónvarpsefni í viðbót væri að ræða.

Íslenskt sjónvarp kom til sögunnar tuttugu árum á eftir því bandaríska. Mikið vatn hefur runnið til sjávar í „sjónvarpsmálum“ á Íslandi síðan 1966 og í dag er efni til „sjónvarpsneyslu“ hér á landi nánast ótæmandi hvort sem litið er til „venjulegra“ sjónvarpsstöðva eða „sjónvarpsefnis“ á netinu. Svo kölluð „nýmiðlun“ hefur rutt sér til rúms og í dag er það ekki sjálft sjónvarpstækið sem er miðja stofunnar – einhverskonar altari – þar sem fólk sameinast til að horfa á efni sem úr því „streymir.“ Tölvur og símar

hafa að miklu leyti „leyst“ sjálft sjónvarpstækið af hólmi þótt enn sé það vissulega í talsverðri notkun. Nýmiðlum væri hægt að lýsa „sem miðlum sem bera sterk einkenni tækni- og markaðsnýjunga.“ Við miðlun myndefnis, fréttu og annarra upplýsinga er tækni í stöðugri þróun og skilgreiningar á þessu hugtaki, nýmiðlar, margar og ólíkar „og nýjar skilgreiningar verða til nánast daglega.“ Hugtakið nýmiðlun er almennt notað um þá miðla sem fram hafa komið á sjónarsviðið undanfarin ár og áratugi „en eins og orðið gefur til kynna er verið að vísa til þeirra miðla sem eru nýir hverju sinni“ (Anna Þóra Steinþórsdóttir, 2015, bls. 14).

Þróun sjónvarpsáhorfs hefur breyst eftir að „nýmiðlar“ komu til sögunnar og einnig eftir að ólínuleg dagskrá sjónvarpsstöðvanna varð að veruleika fyrir nokkrum árum. Ólínuleg dagskrá hefur það í för með sér að fólk getur valið hvenær það horfir á það sem það vill horfa á, eftir að byrjað er eða búið er að „senda út“ það efni sem í boði er. Þótt þessi mikla „sjónvarpsþróun“ sem hér hefur verið nefnd hafi átt sér stað hefur hún ekki haft neikvæð áhrif á framleiðslu menningarefnis fyrir íslenskt sjónvarp svo nokkru nemi, en þar hefur svo sem ekki verið um auðugan garð að gresja; RÚV hefur nánast verið eini fjölmiðillinn sem sinnt hefur innlendu menningarefni í sjónvarpi og útvarpi í langan tíma. Þar á bæ hafa þættir eins og Kiljan í sjónvarpinu og Víðsjá á Rás 1 haldið velli og engin veikleikamerki á þeim þáttum að finna.

Einhverjir myndu halda að ólínulega dagskráin myndi mögulega gera útaf við línulegu dagskrána - sem er í „beinni útsendingu“ - en svo virðist ekki vera ef marka má orð Magnúsar Geirs Þórðarsonar útvarpsstjóra RÚV. Hann segir að þvert „á það sem stundum er haldið fram er núna gullöld sjónvarpsins. Nútímamaðurinn horfir meira á sjónvarpsefni en nokkru sinni áður. Eini munurinn er sá að það eru ekki allir að horfa á sama tíma.“ Magnús nefnir að nú sé miðlunin brotakenndari, en að fólk horfi á sjónvarp í alls konar tækjum, á ólíkum stöðum og á ólíkum tímum. Hann spáir því að línulegt sjónvarp lifi áfram sínu lífi við hlið hins ólínulega. Til að það sé mögulegt segir Magnús að RÚV hafi þurft að bæta þjónustuna í ólínulega „heiminum“ og breyta áherslum í línulega sjónvarpinu. Það þýði að RÚV hefur og mun auka verulega viðburðatengingu og stórfjölgna beinum útsendingum „frá menningarviðburðum fyrst og fremst, en líka íþróttum, af því að allt hitt er aðgengilegt í ólínulega heiminum“ (*Þjáningarfrelsið*, 2018, bls. 242).

Samkvæmt þessu er því sjónvarpsnotkun í sögulegu hámarki í dag og ekkert sem bendir til þess að hún muni eitthvað minnka á komandi árum. Breytingar á notkun hinna ýmsu tækja við áhorf á „sjónvarpsefni“ eykur ef eitthvað er „sjónvarpsáhorfið“, þótt fólk

noti „venjuleg“ sjónvarpstæki ekki eins mikið og áður - enda hafa tölvur og snjallsímar bæst við flóruna.

En hver er þá staða menningarumfjöllunar í fjölmiðlalandslagi Íslands um þessar mundir? Eftir því sem internetið varð sterkara og sterkara fækkaði prentuðum fjölmiðlum; tímarit eins og *Séð & heyrt*, *Nýtt líf*, og *Man*, svo einhver séu nefnd, hafa öll lagt upp laupana ásamt fleirum. *Lesbók Morgunblaðsins* heyrir sögunni til. Birtingur útgáfufélag (áður Fróði) var langstærsta tímaritaútgáfa Íslands í áratugi, en heldur hefur fjarað undan útgáfu hjá því fyrirtæki; í dag eru aðeins gefin út (prentuð) hjá fyrirtækinu þrjú tímarit – *Vikan*, *Gestgjafinn* og *Hús & hóbýli*.

Auður Aðalsteinsdóttir segir þessa þróun – sterkara internet og fækkun prentaðra fjölmiðla - hafa komið illa við menningarumfjöllun hér á landi. „Jafnvel þótt menningarblaðamenn og ritstjórar á eldri og nýjum miðlum hafi reynt að spyrna við fótum leiddi hin harða samkeppni um lestrartölur og auglýsingar til þess að rekstrargrundvöllur allra miðla varð ótryggari og útkoman varð óhjákvæmilega minna svigrúm til að bjóða upp á ítarlega og vandaða menningarumfjöllun. Efnahagshrunið árið 2008 ýtti enn frekar undir þá þróun (Auður Aðalsteinsdóttir, 2016, bls. 417).

Einnig nefnir Auður að ritdómar hafi orðið „til hér á landi sem samfélagslega nysamlegt tæki; sem hluti af pólitískt mikilvægu bókmenntasviði.“ Hún segir að það „er því ef til vill ekki að undra að samhliða því að pólitískt hlutverk ritdóma hefur minnkað hefur mikilvægi þeirra fyrir bókmenntasviðið og samfélagið almennt dalað.“ Aðalástæðan fyrir þessu að mati Auðar „er ekki síst sú að ritdómar eru afkvæmi prentmiðlanna og prentmiðlar gegna ekki jafn mikilvægu hugmyndafræðilegu hlutverki og áður“ (Auður Aðalsteinsdóttir, 2016, bls. 419-420).

Flestir af þeim sem tjá sig um „þessa minnkandi áherslu á ritdóma í dægurmiðlum harma þannig að menningarlegur ágóði af metnaðarfullri bókmenntagagnrýni þyki ekki mikilvægari en markaðslögmálin“ (Auður Aðalsteinsdóttir, 2016, bls. 418).

Árni Matthíasson netstjóri mbl.is hefur um áratugaskeið starfað sem menningarblaðamaður á *Morgunblaðinu*. Hann segir um menningarumfjöllun á Íslandi í dag að „það er í rauninni birtingarmynd á ákveðnum vanda í menningarumfjöllun á Íslandi að áhuginn á menningunni er til staðar en ekki endilega sami áhugi á að fjalla um hana.“ Árni segir að ástæðan fyrir þessu sé að stórum hluta sú að fjölmiðlar og eigendur þeirra eigi það til að missa sjónar af samfélagslegu hlutverki sínu og fara að láta fjárgildi stjórnna allri umfjöllun, og það komi einna helst niður á menningarlegu efni. (*Þjáningarfrelsið*, 2018, bls. 208)

Fleiri taka í sama streng sem starfað hafa í lengri og skemmri tíma sem menningarblaðamenn.

Kolbrún Bergþórsdóttir hefur orðið vör við það að markaðsmenn segi að það auglýsi fáir á menningarsíðum vegna þess að þar séu engar tekjur að hafa. Hún segir á móti að hópurinn sem lesi menningarsíður blaðanna og fylgist af kappi með menningu sé traustur og þakklátur. Kolbrún segir að fjölmiðlar „sem sinna menningu uppskera kannski ekki í peningum en öðlast virðinguna sem er svo mikils virði. Blöð sem ætla að gera sig gildandi verða að sinna menningunni og gera henni hátt undir höfði“ (*Þjáningarfrelsið*, 2018, bls. 209).

Valur Grettisson ritstjóri *Grapevine* segir, líkt og Árni Matthíasson hér að ofan, að það sé einhvers konar metnaðarleysi í gangi hjá fjölmiðlum hér á landi þegar kemur að menningarumfjöllun. Valur segir hins vegar að vel sé hægt að selja menningu, eða öllu heldur, hafa af henni tekjur, enda er „okkar (*Grapevine*) reynsla sú að það er menningin sem selur. Og hún selur alveg merkilega mikið. Og við finnum að því einbeittari sem við erum í umfjöllun um íslenska menningu, þeim mun meiri áhugi er á blaðinu“ (*Þjáningarfrelsið*, 2018, bls. 210).

Kristján Guðjónsson segir gagnrýnina vera nauðsynlegan part af samræðunni og sjálfsskoðuninni sem menningarlífið þurfi stöðugt að eiga í til að staðna ekki og verða ekki aftengt, sjálfsumglatt og spillt. Hann segir einnig að í fjölmiðlalandslagi dagsins í dag sé staða menningarblaðamennsku ekki góð og að hún fái lítið pláss og hafi þarafleiðandi ekki mikið sjálfstraust né mikinn slagkraft. Ein ástæðan fyrir þessu veikburða ástandi menningarblaðamennsku á Íslandi, að mati Kristjáns, er sú „að eigendur og ritstjórar fjölmiðla hafa ekki séð sér hag í því að halda úti öflugri menningarblaðamennsku.“ Hann segir góða menningarblaðmennsku vera pláss- og tímafreka og það kosti ennfremur að greiða gagnrýnendum. „Og samkvæmt þeirri mælistiku sem er nú orðin hvað vinsælust til að meta vægi fréttagreina – það er hversu margir smella á greinina á netinu – skora menningargreinarnar ekki hátt (en áhrif þeirra á lesendur eru náttúrulega illmælanleg). Þegar harðnar á dalnum hjá fjölmiðlum er þetta svo notað sem röksemd til að skera niður menningarblaðamenskuna“ (*Þjáningarfrelsið*, 2018, bls. 211-213).

Jakob Bjarnar Grétarsson dregur upp heldur dökk mynd af stöðu menningarmála í fjölmiðlum á Íslandi í dag. „Ég vil meina að sú krafa, sem fjölmiðlar hafa að verulegu leyti látið undan gagnvart, að öll umfjöllun og fréttáflutningur af menningu og listum sé einkskonar jákvæð kynning hafi leitt til flatneskju; menningarblaðamenn sumir líta á sig

sem sérlega sendiherra menningarinnar á ritstjórnnum; sem er ávísun á algert áhugaleysi. Þetta er með öðrum orðum helstefna“ segir Jakob sem er á því að „áhuginn á menningartengdu efni hér á landi er sláandi lítill. Það er alveg morgunljóst að menningarfregnir eiga verulega undir högg að sækja, og ég held að það ætti að vera öllum áhugamönnum um menninguna umhugsunarefni.“ Jakob Bjarnar er á því að „Kiljan er fyrst og síðast kynningarþáttur sem leggur uppúr því að eiga gott veður hjá umfjöllunarefni sínu; rithöfundum og útgefendum“ (Jakob Bjarnar Grétarsson, 2018).

Samkvæmt ofanrituðu á menningarumfjöllun í fjölmiðlum undir högg að sækja á Íslandi; aðallega vegna þess að kostnaður er of mikill og innkoma of lítil, nú eða þá vegna „einhvers konar“ metnaðarleysis eiganda fjölmiðla. Undantekningin virðist vera hjá *Grapevine*, þar sem áhuginn á blaðinu virðist aukast í takt við aukna menningarumfjöllun, og hjá RÚV, en eins og kemur fram hér að framan hjá útvarpsstjóranum Magnúsi Geir Þórðarsyni þá hefur RÚV aukið verulega viðburðatengingu og stórfjölgað beinum útsendingum frá menningarviðburðum.

RÚV er vissulega eini íslenski fjölmiðillinn sem sinnir menningarumfjöllun í útvarpi og sjónvarpi, en hvort hann gæti gert það án nefskattsins er erfitt að segja til um. Einkareknir fjölmiðlar í stærri kantinum virðast ekki sjá sér fært nema að litlu og óreglulegu leyti að sinna menningarumfjöllun vegna þess að hún er tíma- og plássfrek og virðist gefa lítinn pening af sér. Hvort þættir á borðið við Kiljuna í sjónvarpinu eða Víðsjá á Rás 1 myndu lifa af einkarekstur og/eða stöðugan niðurskurð er eitthvað sem erfitt er að svara með nokkurri fullvissu. Sé hinsvegar litið til einkarekinna fjölmiðla á Íslandi í dag, væri svarið líklega nei, og það þá líklega af ástæðum sem hér hafa fram komið. En Kiljan er enn til og engin sjáanleg sjúkdómseinkenni þar á bæ, og Víðsjá er ennþá í „loftinu.“

Menningarumfjöllun er því vissulega til staðar hér á landi og því lifir „Gagnrýnandinn“ enn, þó kannski væri ofmælt að segja að hann lifði góðu lífi. „Lögheimili“ flestra sem gagnrýna bækur er Efstaleiti 1, 103 Reykjavík. Þar hefur RÚV aðsetur fyrir sjónvarpið og Rás 1 og þar er í það minnsta ennþá eina örugga aðsetur þeirra sem starfa við að gagnrýna bækur, þótt vissulega sé ekki fokið í öll skjól hjá dagblöðum, tímaritum og netmiðlum, en þó velflest.

En hver er þá staða gagnrýninnar sjálftrar - hefur hún breyst með minni umfjöllun? Auður Aðalsteinsdóttir veltir þessu fyrir sér, og tiltekur „jólabókaflóðið“ og spyr hvort „gagnrýnandinn“ sé í dauðateygjunum. „Nú fer uppskerutíð bókaheimsins í hönd og því fylgir það árlega verkefni gagnrýnenda að skilja hafrana frá sauðunum. Útvöldum

verðlaunaverkum er komið fyrir í kró við hæfi og varðveisla þeirra talin íslenska bókmenntastofninum til kynbóta. Öðrum er slátrað miskunnarlaust.“ Auður nefnir að „Slátrarnir“ virðist stundum fá heldur mikla ánægju út úr starfi sínu og séu oft litnir hornauga „en hingað til hefur þó ríkt almennt samkomulag um að starf þeirra sé nauðsynlegt skítverk sem einhver þurfi að taka að sér.“ Auður spyr hvort þetta sé mögulega eitthvað að breytast. „Ríkir nú þögult samkomulag um að öll dýrin í bókaskóginum eigi að vera vinir og að kominn sé tími til að ganga frá þessum sjálfskipuðu, blóðþyrstu dómurum fyrir fullt og allt?“ (Auður Aðalsteinsdóttir, 2011, bls. 24)

Eiríkur Örn Norðdahl rithöfundur er ekki alveg á sama máli og Auður og telur „gagnrýnandann“ lifa áfram sínu lífi með „höfundinum“ í „stormasamri sambúð“ því að „hin stóra frásögn um bókmenntagagnrýni og rithöfunda á Íslandi lýsir höfundum sem viðkvæmum skepnum með lágt sjálfsálit og mikið skap – tilfinningasömum og bitrum grátkonum sem reiðubúnar séu að leggja líf sitt undir smánarlegar skærur við aumingjans gagnrýnendurna, sem hafa ekkert af sér gert annað en að segja sannleikann.“ Hann segir að þessi „frásögn þjónar bæði höfundum og gagnrýnendum, enda styður hún annarsvegar við mýtuna um höfundinn sem ofurnæman snilling sem allir verði að sýna tillitssemi og hins vegar mýtuna um gagnrýnandann sem hugrakkan boðbera sannleikans.“ Eiríkur segir að með þessu móti „fá allir að vera píslarvottar; fá allir að vera glaðir“ (Eiríkur Örn Norðdahl, 2010, bls. 24).

Eins og áður hefur verið nefnt er staða bókagagnrýni verri en oft áður vegna ástæðna sem hér að framan hefur verið bent á. En bókagagnrýni er enn til staðar þrátt fyrir að þrengt hafi að, og líklega mun slík gagnrýni aldrei deyja út, ekki einu sinni bálreiðir rithöfundar eru þess megnugir. „Fyrstu viðbrögð höfunda við hörðum dómum eru skiljanleg – þau spretta af persónulegri angist yfir óréttlæti sem þeim finnst verk sín verða fyrir.“ Auður telur að reiði höfundarins muni aldrei ganga af gagnrýnandanum dauðum. „Það er fremur að hún tvíefli hann. Leita þarf annarra ástæðna fyrir því að ritdómar hafa styst og þeim fækkað í prentmiðlum undanfarin ár“ (Auður Aðalsteinsdóttir, 2011, bls. 26).

Auður telur, líkt og Árni Matthíasson, Kolbrún Bergþórsdóttir og Kristján Guðjónsson, peningaöflin ráða för, og þau séu ekki hlynnt menningu nema hún gefi af sér í aðra hönd. „Þá beinast spjótin óneitanlega að peningaöflunum sem stjórna flestum fjölmiðlum. Markaðsfyrirtækin sjá sér engan hag í því að hampa gagnrýninni hugsun og óvæginni umræðu, hvað þá að efla hana. Hvaða markaðsdeild vill ekki frekar að

tilvonandi viðskiptavinir lesi sérhannaða kynningartexta en reiðilestur einhvers sjálfskipaðs sérfræðing sem telur sig hafa fundið galla á vörunni?“

(Auður Aðalsteinsdóttir, 2011, bls. 26)

Auður segir ritdóma halda sínum sessi í bókmenntatímaritum en það segi sína sögu að þau séu öll gefin út af hugsjón; að eini útvarpsþátturinn sem flytji bókmenntagagnrýni í formi pistla sé Víðsjá á Rás 1, en hann sé jafnframt á ríkisrekinni útvarpsstöð og erfitt að sjá það fyrir sér að sá þáttur myndi fá inni á einkarekinni stöð sem rekin er á auglýsingum. Hún segir jafnframt að það gefi auga leið að bókmenntagagnrýnandinn sem varð til með prentmiðlunum muni deyja út þegar rafrænir miðlar ryðja þeim endanlega úr vegi. „En jafnvel núna þegar pappírslóðið heldur þrjósulega áfram að berast inn um bréfalúguna á hverjum morgni, virðist hann ætla að verða fyrstur til að kveðja – enda tákmynd alls þess sem hverfur með prentmiðlinum; hugmynda um virðuleika hins prentaða orðs, aukins áhersluþunga þess sem fær birtingu í prentmiðli og endanleika þess sem þar er sagt. Við tekur flæði rafmiðilsins og þangað virðist gagnrýninn hugsun hvort eð er þegar flúin“ (Auður Aðalsteinsdóttir, 2011, bls. 26).

Það „fjölmiðlalandslag“ sem Kilja Egils er í er ekki gróðri vaxið heldur er þar frekar berangurslegt um að líta; eins og landið - menningin - hafi fokið burt. Fækkun miðla og niðurskurður á menningarlegri umfjöllun hefur verið einkennandi síðustu árin, og fátt sem bendir til þess að þeirri þróun verði snúið við. Markaðsdeildir fjölmiðlanna virðast fá meira vald með hverju árinu sem líður, og á þeim bæjunum er það fjárgildið sem ræður för. Ef ekki er hægt að græða peninga á fréttum og umfjöllunum, af hvaða toga sem þær eru, eru þær miskunnarlaust skornar niður eða einfaldlega úthýst alveg. Menningarumfjöllun og gagnrýni eiga undir högg að sækja, en eiga sér þó gott skjól á RÚV þar sem boðið er uppá vikulega þætti eins og Kiljuna og Menninguna í sjónvarpinu, og svo Víðsjá á Rás 1. Einnig eru ennþá gefin út tímarit eins og *TMM* (Tímarit máls og menningar), *Skírnir*, *Stína* og *Ritið*. Þá er að finna menningarlega umfjöllun á ýmsum vefsíðum. En hvað varðar „stóru“ fjölmiðlanna (fyrir utan RÚV, eins og áður hefur fram komið) þá er orðið fátt um fína drætti.

Á sama tíma og þetta er raunin fullyrðir útvarpsstjórinn Magnús Geir Þórðarson að áhorf á sjónvarpsefni hafi aldrei verið meira en nú, og sé tekið mið af vinsældum, langlífi og áhrifum Kiljunnar á bókmenntalíf Íslendinga, er það ekki ósennilegt.

Á eitt atriði má þó benda hjá RÚV sem getur vart talist annað en hvati fyrir gagnrýnendur að komast frekar að í Kiljunni en Víðsjá. Fyrir „minni vinnu“ - styttri og knappari umfjöllun - er mun meira greitt fyrir gagnrýni í Kiljunni en í Víðsjá, þar sem

„vinnan“ er „talsvert meiri“ - lengri, dýpri og ítarlegri umfjöllun í pistlaformi. „Hér má nefna að gagnrýnandi sem mælir nokkrar setningar um bók í Kiljunni, bókmenntaþætti Ríkissjónvarpsins, fékk árið 2014 borgaðar 50.000 krónur fyrir það verk sitt, á meðan gagnrýnandi sem fjallar ítarlega um sömu bók í 5-9 mínútna pistli í Víðsjá, bókmenntaþætti Ríkisútvarpsins, fékk aðeins 16.000 krónur fyrir verkið,“ segir Auður Aðalsteinsdóttir og bætir við: „Hér gefur eina ríkisrekna fjölmiðlafyrirtækið „markaðsvænni“ umfjöllunaraðferð, þ.e. stuttri og kjarnyrtri, meira vægi og gefur gagnrýnendum efnahagslegan hvata til þess að halda í þessa átt“ (Auður Aðalsteinsdóttir, 2016, bls. 419).

Hér á eftir, í 3. kafla, verður farið stuttlega yfir sögu Kiljunnar. Í kaflanum þar á eftir er síðan rætt við Pétur Gunnarsson rithöfund sem hiklaust má kalla „Guðföður“ Kiljunnar, en í kaflanum kemur það meðal annars fram að það var Pétur sem átti einna mestan þátt í að skapa bókmenntaumfjöllun í sjónvarpi á RÚV fasta búsetu, þótt hlutur hans í því hafi ekki alltaf farið hátt.

3 Kiljan stutt yfirlit

Bókmenntaþátturinn Kiljan hóf göngu sína á RÚV þann 12. september 2007. Egill Helgason hefur verið stjórnandi þáttarins frá upphafi. Þátturinn hefur verið á dagskrá á miðvikudögum yfir vetrarmánuðina, en er í fríi í júní, júlí og ágúst. Þættir hafa almennt ekki fallið niður, nema þá vegna íþróttaleikja. Samanlagt eru þetta því 329 þættir sem hafa farið í loftið á þessum ellefu árum. Egill hefur fundið þættinum „eðlilegan takt“ hvað varðar útsendingartíma, enda er hann og þátturinn orðinn nokkuð „fastmótaður.“ „Á síðasta vetri, 2017-18, var fyrsti þátturinn snemma í september vegna bókmenntahátíðar, en svo byrjuðum við aftur í lok september, síðasti þátturinn fór í loftið 16. maí. Svo hafa verið ár þegar þátturinn hefur byrjað fyrst í október og endað í apríl. Ég hef talið best að byrja í september, taka hlé eftir jólin, og ná svo vorútgáfunni sem er mest í maí. Það er eðlilegur taktur“ (Egill Helgason, 2018).

Hér að neðan má svo sjá frá ári til árs hversu margir þættir af Kiljunni hafa farið í „loftið“ allt frá haustinu 2007 og fram á vor 2018.

Frá 2007 til 2008: 30 þættir

Frá 2008 til 2009: 29 þættir

Frá 2009 til 2010: 29 þættir
Frá 2010 til 2011: 29 þættir
Frá 2011 til 2012: 30 þættir
Frá 2012 til 2013: 28 þættir
Frá 2013 til 2014: 26 þættir
Frá 2014 til 2015: 27 þættir
Frá 2015 til 2016: 22 þættir
Frá 2016 til 2017: 23 þættir
Frá 2017 til 2018: 27 þættir

(Heimild: Safnadeild RÚV).

4 Guðfaðirinn. Péturs saga Gunnarssonar

Rithöfundinn Pétur Gunnarsson má hiklaust kalla „Guðföður“ Kiljunnar. Það var hann sem átti líklega mestan þátt í að skapa bókmenntaumfjöllun í sjónvarpi á RÚV fasta búsetu þótt hlutur hans í því samhengi hafi ekki alltaf farið hátt. Pétur hófst handa við „að skapa slíkum bókmenntaþætti vettvang árið 2006.“ Að hans mati hefur hefur ýmislegt gengið vel á þessum árum frá stofnun Kiljunnar, en þó er Pétur ekki ánægður með allt varðandi þáttinn. „Þegar ég tók við formennsku í Rithöfundasambandi Íslands í maí 2006 boðaði ég, sem eitt af mínum baráttumálum, að koma á föstum bókmenntaþætti í sjónvarpinu. Í ræðu sem ég hélt á aðalfundinum sagði ég meðal annars að það væri með ólíkindum hvað sjónvarpið hefði komist lengi upp með að sniðganga listir og menningu í landinu, og nefndi að það færi versnandi ef eitthvað, samanber að hinu vikulega listamagasíni, Mósaik, skuli hafa verið gert að hætta göngu sinni.“ Pétur nefndi einnig í ræðunni að það væri ekki nema „sjálfsagt að við förum þess á leit við sjónvarpið að það haldi úti föstum bókmenntaþætti, svipuðum þeim sem hafa sannað sig í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við“ (Pétur Gunnarsson, 2006).

Næstu skref Péturs voru síðan að hafa samband við Hagþenki og fá fræðibókahöfunda til liðs við „málstaðinn.“ „Að því búnu skrifaði ég Páli Magnússyni útvarpsstjóra bréf þar sem ég bað um fund með fulltrúum RSÍ og Hagþenkis um efnið.“

Pétur segir viðbrögðin hafa verið óvænta ánægju „því ekki einasta boðaði Páll til fundar heldur fór hann þess á leit að við gerðum tillögu að um það bil tuttugu og fjórum slíkum þáttum, hvað við og gerðum: umfjöllunarefni bæði og efnistöð í ítarlegri sundurliðun.“ Að því búnu var farið yfir stöðuna og mögulegir þáttastjórnendur ræddir. Pétur segir að þeir sem voru mest nefndir hafi aðallega verið þeir sem voru að fjalla um bókmenntir á Rás 1 um þær mundir.

Í máli Péturs kemur fram að hann telji að margt hafi tekist vel og að Kiljan hafi sett mark sitt á bókmenntaumræðuna hér á landi. Hins vegar finnst honum leitt að fræðilegu hliðinni hafi ekki verið sinnt sem skyldi og að tímabært sé að „stokka þáttinn upp.“ Pétur nefnir að í tillögum sem settar voru á borðið í upphafi hafi verið gert ráð fyrir þætti um bókmenntir og fræði. „Mér er ekki ljóst af hverju þessi vanhöld stafa, hvort það tengist áhuga eða áhugaleysi stjórnandans“ segir Pétur, sem er á því að það sé ekki síður gróska í fræðum en bókmenntum á Íslandi; að þörfin sé ekki síður brýn að kynna þau svið fyrir almenningi. „Í ljósi þessa tel ég að tími sé kominn til að hafa stjórnendur fleiri en einn og tryggja með því fjölbreytni,“ segir Pétur og nefnir að bókmenntaumfjöllun í fjölmiðlum hafa hrunið á síðustu tíu árum, og það haldist í raun í hendur við hrun prentmiðlanna. „Við munum þá tíð þegar *Morgunblaðið*, *Þjóðviljinn*, *DV*, *Tíminn* og *Helgarpósturinn* héldu öll úti metnaðarfullri bókmenntaumfjöllun og höfðu á sínum snærum fasta rýnendur bókmennta og lista. Af ofan nefndum miðlum er *Morgunblaðið* eitt eftir og raunar mjög skert þar eð *Lesbókin* sem var menningarlegt andlit Moggans hefur sömuleiðis lagt upp laupana. Þau blöð sem eftir standa, *Morgunblaðið* og *Fréttablaðið*, virðast ekki hafa bolmagn eða metnað til að halda úti bókmenntarýni sem stendur undir nafni.“ Pétur segir það því sjálfgert að sú umfjöllun sem Rás 1 og Kiljan þó bjóði upp á gnæfi yfir því þessir miðlar séu einfaldlega einir um hituna með öllum sínum kostum og göllum.

(Pétur Gunnarsson, 2018)

Að þessu sögðu er það ljóst að Pétur Gunnarsson má réttilega kalla „Guðföður“ Kiljunnar; það var hann sem átti grunnhugmyndina að þættinum – setti hana fram og fékk brautargengi hjá útvarpsstjóra. En hins vegar er Pétur ekki alveg sáttur með stöðu mála og hann vill stokka upp þáttinn (þótt honum finnst margt hafa tekist vel) og hafa fleiri en bara einn stjórnanda; honum finnst Kiljan ekki gera fræðunum nægilega góð skil. Hvort Pétri verði að ósk sinni eður ei mun tíminn einn leiða í ljós. Egill Helgason heldur ennþá einn um stjórnvölinn í Kiljunni og í næsta kafla verður fjallað um hann sem fjölmiðlamann, „menntunarleysi“ hans og hvað það var sem gerði það að verkum að hann varð þáttastjórnandi Kiljunnar.

5 „Ómenntaða“ sjónvarpsstjarnan Egill Helgason

Egill Helgason var lengi búinn að starfa sem fjölmiðlamaður áður en hann hóf störf á RÚV árið 2007. Hann hafði byrjað sem blaðamaður árið 1981, tuttugu og eins árs gamall, en hann hóf fyrst að vinna í sjónvarpi árið 1999 á Skjá Einum með þátt sinn um stjórnmál, Silfur Egils. Þaðan fór hann með þáttinn á Stöð 2 og svo á RÚV. Þessi reynsla sem Egill öðlaðist á Skjá einum og Stöð 2 sem þáttastjórnandi í umræðuþætti um stjórnmál hefur klárlega verið góð „æfing“ fyrir það sem koma skyldi – Kiljuna. Reynsla Egils af stjórnendahlutverki í stjórnmálaumræðuþætti er eitthvað sem kalla mætti „harðan skóla“ því Egill þurfti ekki bara að „kljást“ við sjálfa stjórnmálamennina heldur líka (sér) hagsmunaaðila á bak við þá sem og eigendur Skjás Eins og Stöðvar 2. Eftir þá reynslu segir Egill að mikið hafi breyst hjá honum þegar hann kom á RÚV, og þá hafi hann skilið betur hversu mikilvæg stofnun RÚV er.

Egill Helgason segir að árið 1999 hafi eigendum sjónvarpsstöðvarinnar Skjás eins fundist stjórnmálaumræðan á Íslandi fyrir alþingiskosningarnar sama ár vera í „daufara lagi“ og vildu þeir hressa upp á hana, og kölluðu til blaðamanninn Egil Helgason. Egill segir að fljótlega eftir að Silfur Egils fór í „loftið“ hafi stjórnendur Skjás eins farið að rýna í áhorfstölur og séð að þátturinn var á stuttum tíma kominn með áhorf upp á átta prósent „á stöð sem enginn vissi af.“ Þátturinn var ekki hugmynd Egils sem hafði ávallt litið á sjálfan sig sem „mann hins ritaða máls, ekki sjónvarpsmann.“ Á þessum tíma, um aldamótin, var talsjónvarpsvæðingin að byrja, og ekki bara Skjá einum heldur líka á öðrum íslenskum sjónvarpsstöðvum. Eftir þriggja ára veru á Skjá einum var Egill látinn fara „með líklega vinsælasta þátt stöðvarinnar.“ Fljótlega eftir það „er það Sigurður G. Guðjónsson, þá forstjóri Stöðvar 2, sem ræður mig inn 2003 og ég var þar með þáttinn til 2007.“ Það ár fékk Egill tilboð frá Ríkisútvarpinu og fór þangað og sér ekki eftir því enda finnst honum RÚV alltaf að verða mikilvægara og mikilvægara. „Fjölmiðlaumhverfið er svo erfitt og óstöðugt að Ríkisútvarpið er í raun eins og kjölfesta, sjálfur grunnurinn“ (*Þjáningarfrelsið*, 2018, bls. 150-151).

Eftir að hafa verið lengi vel í „æfingabúðum“ kemur Egill, árið 2007, nánast sem fullmótaður sjónvarpsmaður á RÚV og byrjar þar að stjórna tveimur þáttum í viku – heldur áfram með Silfur Egils og Kiljan verður til.

En hvað er það sem gerir það að verkum að Egill hefur haldið sjó svo lengi sem raun ber vitni í erfiðum og síbreytilegum heimi fjölmiðla? Það er ekki fjarri lagi að ætla að svarið við þessu sé að Egill hefur gaman af fólki og elskar að starfa við fjölmiðla. Það

eru ekki margir sem halda út svona lengi í heimi þar sem pressa og starfsóryggi eru ráðandi þættir. Eftirfarandi texti gefur ágæta mynd af Agli:

Egill er svo gamall í hettunni að það er eins og ekkert komi honum á óvart lengur. Hann hefur heyrt allt saman áður og hlær frekar en að furða sig eða hneykslast. Egill hefur gaman af fólki og kannski er það einmitt sá eiginleiki, umfram ýmsa aðra, sem gerir hann svo vinsælan í sjónvarpi. (*Þjáningarfrelsið*, 2018, bls. 147)

Egill er það sem hægt er að kalla almúgamann eða alþýðumann, sem er ekki kominn af efnuðu né ættstóru fólki – hann er ekki fæddur með silfurskeið í munni og hann hefur komist áfram í fjölmiðlum á eigin verðleikum; hann er ekki í neinni „elítu“ eða „klíku“ og tengsl hans við stjórnmalaflokka eru engin. En það er sama hver þú ert eða hvaðan þú kemur, þvinganir og pressa er eitthvað sem fjölmiðlafólk þarf að takast á við, og því meira vægi sem fjölmiðill eða fjölmiðlafólk hefur eykst án vafa pressan. Þetta þekkir Egill vel eftir fjölmiðlastörf í marga áratugi. Hann hefur þurft að takast á við pressu eða afskipti frá stjórnmalamönnum, eigendum fjölmiðla, bókaútgefendum og mögulega rithöfundum, þó varla sé hægt að bera saman vinnubrögð eigenda fjölmiðla og stjórnmalamanna við rithöfunda og bókaútgefendur. Samt er vissulega pressa úr mörgum áttum. En Egill er orðinn sjóaður og þolir pressuna vel þótt hún veiti honum enga ánægju. „Það er pressa sem fylgir fjölmiðlastörfum. Ég nefni að mér eru sendar nánast allar bækur sem koma út á Íslandi og maður þarf að velja úr. Leiðinlegast finnst mér að stjórna þáttunum þegar pressan er mest og maður þarf að troða inn bókum og höfundum á færibaldi. Stundum verður ekki undan því vikist; þá er ég að tala um síðustu þættina fyrir jól; það er þá sem allir vilja fá umfjöllun.“ Egill segir að hvorki útgefendur né rithöfundar, og varla væntanlegir kaupendur heldur, vilji að fjallað sé um jólabækurnar í janúar, „jafnvel þótt umfjöllunin þá yrði bæði lengri og vandaðri. Það er bara þannig.“

Þótt Egill hafi lengi verið sjónvarpsmaður segist hann alltaf líta á sig sem skrifandi blaðamann og hann á erfitt með að ímynda sér að sá sem er „óskrifandi“ geti verið í sjónvarpi eða útvarpi heldur. Egill hefur haldið úti síðu með eigin greinum allt frá árinu 2000, „en með því að skrifa agar maður mál sitt.“ Egill byrjaði að vinna í sjónvarpsfréttum á Ríkisútvarpinu og síðar á Stöð 2 á tíunda áratug síðustu aldar, „en ég hafði í raun aldrei neinn sérstakan áhuga á því.“ Árin 1988 og 1989 gerði Egill tíu þátta sjónvarpsröð sem hét Mannlegi þátturinn og „má segja að þar hafi verið fjallað um þjóðarsál og

þjóðmenningu Íslendinga á gamansaman og svolítið krítískan hátt“ (Egill Helgason, 2018).

Egill Helgason er „sjálfmenntaður“ maður. Hann hefur engar prófgráður; hann hefur engu námi í skóla lokið nema skyldunámi. Hann er ekki rithöfundur né skáld og hann er ekki bókmenntafræðingur. Hann er ekki fjarlægur „menningarpáfi“ heldur nálægur „alþýðumaður.“ Egill er ekki sérhæfður eða sérfræðingur og mögulega er það ein af ástæðunum fyrir því að honum hefur tekist að ná til svo margra í þáttum sínum.

Bókmenntaþátturinn Kiljan og stjórnandi hans, Egill Helgason, eru ekki uppi í „fílabeinsturni“ neinna fræða. Kiljan er þáttur sem fer út um víðan völl í umfjöllun sinni og það eru ekki einugis sérfræðingar í bókmenntum í öllum tilvikum á ferð í þættinum. Stjórnandinn er sjálfmenntaður og ekki eru allir gagnrýnendur þáttarins (lesarar) bókmenntafræðingar; þeir koma úr ýmsum áttum og þátturinn höfðar því að einhverju eða miklu leyti frekar til almennings en fræðimanna.

Það er ekki mikið að finna um gagnrýni á Egil hvað varðar „menntunarleysi“ hans, þótt mögulega sé hún einhver, og þá oftast í tengslum við fræðimennsku og fræðibækur. „Egill Helgason hefur alla burði til að stýra metnaðarfullum bókmenntaþætti. Það finnst mér ég best sjá í ítarlegum viðtölum sem ég hef séð hann eiga við erlenda rithöfunda í Kiljunni, segir Ástráður Eysteinnsson. Hann segir einnig að Egill sé vissulega gott dæmi um sjálfmenntaðan menntamann - „intellektúel“ og bætir því við „að „háskólanám þarf ekki að vera forsenda þess að hægt sé að stjórna þætti eins og Kiljunni, en sá sem stjórnar slíkum þætti þarf að gera sér grein fyrir gildi fræðimennsku og kunna að nýta sér hana, eða leita til einstakra fræðimanna þar sem við á“ (Ástráður Eysteinnsson, 2018).

Að loknum grunnskóla hóf Egill nám í MR en „droppaði“ þaðan út og fljótlega eftir það hóf hann feril sinn í fjölmiðlum, sem blaðamaður á *Tímanum* „í byrjun maí 1981. Ég var 21 árs. Starfsferill minn í fjölmiðlum byrjaði snemma“ (Egill Helgason, 2011).

Egill er mögulega fyrsti „ómenntaði“ einstaklingurinn sem stjórnar bókmenntaþætti í sjónvarpi á Íslandi; og þar með er sá einstaklingur sem er sá fyrsti til að festa slíkan þátt í sessi í íslensku sjónvarpi ekki með prófgráðu, heldur „sjálfmenntaður alþýðumaður.“ Egill segir að það hafi verið þeir „Þórhallur Gunnarsson dagskrárstjóri og Páll Magnússon útvarpsstjóri sem lögðu til að ég byrjaði með að menningarþátt, en það var svo þrengt niður í bókmenntaþátt. Nafnið á þættinum á Katrín Axelsdóttir málfræðingur og vísar það bæði í nafn nóbelskáldsins Halldórs Kiljans Laxness og pappírskiljur. Stef þáttarins var byggt á bítlalaginu Paperback Writer.“

Egill vildi frá frá upphafi hafa gagnrýni í þáttunum og hann fékk þau Pál Baldvin

Baldvinsson og Kolbrúnu Bergþórsdóttur til þess, og segir að það að stilla þeim upp saman hafi tekist vel því „þau urðu mjög vinsæl, voru stundum að kýta, eru ólíkar persónur og það var spenna á milli þeirra sem kom vel út í sjónvarpi.“ Egill fékk svo Braga Kristjánsson til að vera með vikulegt spjall um ýmislegt bókmenntatengd. „Hann stóð á bak við búðarborðið í fornþólkaverslun sinni og lét móðan mása; tók aldrei krónu fyrir. En hann varð nánast þjóðhetja; lét margt skemmtilegt flakka; sumt dálítið ósvífið. Egill segir að hann hafi orðið var við að sumum „menningarvitum“ hafi ekki þótt innslag Braga í Kiljuna „vera sérlega fínt. Neftóbakskarlar í sjónvarpinu með neftóbaksfræði!“ Að mati Egils var þó efnið sem hann tók upp með Braga ekki bara skemmtilegt „heldur líka merkileg heimild um bókmenntasöguna, sérstaklega höfunda sem voru uppi á sjötta og sjöunda áratugnum; samferðamenn Braga eins og Dag Sigurðarson, Ara Jósefsson, Þorstein frá Hamri, Ástu Sigurðar, Elías Mar, jú og fleiri og fleiri.“ Þegar Bragi treysti sér ekki lengur til að vera með í Kiljunni, heilsunnar vegna, fannst Agli að hann þyrfti að vera áfram með svipað efni í þættinum. „Kannski má kalla það neftóbaksfræði eða þjóðlegan fróðleik. En ég sá að ég myndi ekki finna neinn til að feta í fótspor Braga.“ Egill bjó þá til efnispátt sem hann kalla Bækur & staði, en þar fer hann víðs vegar um landið og segir frá tengingum milli staða, lands og bókmennta. Honum finnst afar skemmtilegt að vinna þetta efni, enda er Egill búinn að fara víða „og reyndar líka fínkamba Reykjavík. Ég reyni að myndskreyta það eins vel og framast er kostur – þessi brot eru líklega farin að vera á annað hundraðið og þar koma við sögu ótalmörg skáld og bækur“ (Egill Helgason, 2018).

Hér hefur verið stiklað á stóru á fjölmiðlaferli „ómenntuðu sjónvarpsstjórnunar“ Egils Helgasonar, og því hvernig þátturinn hans, Kiljan, komst á legg; hvernig það var sem Egill „setti“ þáttinn upp, en hann hefur haldið þeirri „uppsetningu“ eða „uppstillingu“ meira og minna síðan 2007.

Mögulega eiga orð Steinunnar Knútsdóttur ágætlega við Egil, en hún segir að „Egill er mjög týpískur miðaldra hvítur karl úr forréttindastétt. Hann er stöðugur og hefðbundinn og vel að sér; staðalmynd menningarvita. Það sem hann gerir er fyrirsjáanlegt og öruggt; hann ruggar ekki bátnum. Hann er karllægur í vali sínu og viðheldur viðteknum hugmyndum um bókmenntir og menningu. (Steinunn Knútsdóttir, 2018)

Þótt ekki séu allir „menningarvitar“ (að mati Egils) hrifnir af öllu því sem er í Kiljunni er það óumdeilt að þátturinn nær til margra, og er vinsæll, eins og langlífi þáttarins gefur sterklega til kynna. Þó er þátturinn ekki bara langlífur og vinsæll heldur er

hann líka áhrifamikill eins og fram kemur í næsta kafla, þar sem fjallað verður um Kiljuna og áhrifamátt þáttarins í samhengi við bókaútfendur, bóksölu og bókasöfn.

6 Útgefendur, áhrif, bóksala og bókasöfn

Áhrifamáttur Kiljunnar er kannski mælanlegur á marga vegu, en til þess að ná aðeins utan um hversu mikill áhrifamáttur þáttarins er í raun og veru þarf að ræða við þá sem hafa lifibrauð af því að gefa út bækur, selja bækur, lána út bækur og svo auðvitað sjálfan þáttastjórnanda Kiljunnar, Egil Helgason. Egil fyrst, sem segist aldrei hafa þælt mikið í því hversu mikill áhrifamáttur Kiljunnar er, en hann viðurkenni fúslega að það sé mikil pressa sett á hann af rithöfundum, bókaútfendum og bóksölum varðandi það að komast í þáttinn – og það segi auðvitað eitthvað um áhrifamátt þáttarins. „Forlögin leggja mikið upp úr að koma höfundum sínum að, bæði í viðtöl og í gagnrýni. Það er sagt að vond gagnrýni í Kiljunni geti drepit bók. Ég veit ekki. Ég legg mikla áherslu á að gagnrýnendur þáttarins sýni sanngirni. Séu til dæmis ekki að hreykja sér hátt á kostnað höfunda eða sýna meinfýsni. Það er ábyrgðarhluti að gagnrýna bækur.“

Þótt Egill segist ekki gera sér grein fyrir áhrifum Kiljunnar þá skipuleggur hann sig vel og er til dæmis í samvinnu við bókaútfendur, enda þykir það eftirsóknarvert fyrir bókaútfendur og rithöfunda, fræðimenn og skáld að komast í Kiljuna. Egill fundi með útgefendum á haustin þar sem farið er yfir það sem koma skal út með haustinu, fram að jólum og áfram inn í næsta ár. Til að átta sig aðeins betur á sambandinu eða samskiptunum á milli Egils og útgefenda tók höfundur þessarar ritgerðar viðtal við Jóhann Pál Valdimarsson (JPV) sem hefur starfað við bókaútgáfu áratugum saman. Jóhann Páll segir áhrifamátt Kiljunnar vera mikinn, það mikinn í raun að góð eða slæm gagnrýni bókar í þættinum hafi algjör úrslitaáhrif á það hvort hún seljist eða ekki. „Afdráttarlaus góð gagnrýni í Kiljunni hefur úrslitaáhrif á sölu, sérstaklega ef það gætir ástríðu í umfjöllun gagnrýnendanna. Hún þarf að vera afdráttarlaus og skýr. Vondur dómur í Kiljunni gerir út af við viðkomandi bók. Ég persónulega bíð með öndina í hálsinum eftir þættinum á miðvikudögum vegna þess að ég veit að þar geta örlög bókanna algjörlega ráðist og oftast ekkert hægt að gera til að breyta því.“ Sé tekið mið af þessum orðum Jóhanns Páls þá er enginn vafi á því að Kiljan hefur gífurlega mikinn áhrifamátt hvað varðar sölu á bókum á Íslandi. Útgáfufélag Jóhanns Páls beitir ýmsum aðferðum til þess að koma „sínur“ bókum að í Kiljunni enda, eins og komið hefur fram áður, gerir Jóhann Páll sér vel grein

fyrir áhrifamætti Kiljunnar. „Við höldum fund með Agli Helgasyni á haustin og förum yfir útgáfuprógrammið og hann segir til um á hverju hann hefur áhuga.“ Jóhann Páll segir að hann og fólk hjá forlagi hans reyni að beita allri þeirri mælsku sem þau búa yfir til að sannfæra Egil um ágæti verkanna. Jóhann Páll segir þó að Egill sé býsna ónæmur fyrir pressu sem hann verði fyrir „bæði af okkar hálfu og annarra útgefenda. Þú verður að færa góð rök fyrir máli þínu til að fá hann til að taka inn verk sem ekki voru ákveðin í upphafi. Honum er líka þröngur tímastakkur sniðinn og Egill getur ekki fjallað um allt sem hann gjarnan vildi, en hann reynir stundum að taka bækur saman í „kippu“ til að gera þó eitthvað.“ Jóhann Páll segir að samtíminn snúist um markaðssetningu og að það verði sífellt meiri vinna að koma bókum á framfæri við þá sem fjalla um bókmenntir og eins viðskiptavininn sjálfan. Hann segir Egil hafa mikið „vald“ í íslenskum bókmenntaheimi en telur að hann fari vel með „valdið“ sem hann hafi sem þáttastjórnandi vinsælasta bókmenntaþáttar á Íslandi. „Auðvitað gæti ég gert einhverjar athugasemdir, en þeim yrði líka að taka með fyrirvara þar sem ég á hagsmuna að gæta, og finnst afar sárt þegar bók sem manni þykir vænt um verður undir vegna Kiljunnar. Nú svo er hann með nokkra gagnrýnendur og getur ekki borið ábyrgð á þeirra skoðunum“ (Jóhann Páll Valdimarsson, 2018).

Áhrif Kiljunnar eru vel merkjanleg hvað varðar sölu eins og fram kom í orðum Jóhanns Páls, og undir það tekur Rúnar Logi Ingólfsson verslunarstjóri Eymundsson í Austurstræti. Sagði hann aðspurður að Kiljan hefði mikil áhrif á sölu bóka, og sérstaklega ef bók sem væri til umfjöllunar þar fengi jákvæða gagnrýni - góða dóma. Einnig finnur Rúnar fyrir því ef bók fær slæman dóm, slæma gagnrýni, en þá ætti hún til „týnast“ – seljast lítið eða nánast ekkert. Svo mikill er áhrifamáttur Kiljunnar að mati Rúns. „Ég get alveg staðfest það að við finnum fyrir áhrifum í bókabúðinni. Bækur sem fá góða dóma taka yfirleitt kipp í sölu næstu daga á eftir“ (Rúnar Logi Ingólfsson, 2018).

Umfjöllun bóka í Kiljunni virðist hafa svipuð áhrif á bókasöfnin og bókabúðirnar – bækur sem fjallað er um í Kiljunni vekja áhuga, sérstaklega þær sem hljóta náð fyrir augum gagnrýnenda þáttarins. Á bókasafni Hafnarfjarðar fann starfsfólk þess smám saman fyrir sífellt meiri vinsældum og áhrifum Kiljunnar á safngesti sem urðu æ forvitnari um bækurnar sem um fjallað var í þættinum, og komu þá gjarnan á bókasafnið til að athuga hvort þær bækur væru til á safninu. Linda Rós Arnarsdóttir er starfsmaður Bókasafns Hafnarfjarðar og hún tekur saman eftir hvern þátt upplýsingar um hvaða bækur voru í Kiljunni og hefur gert í nokkur ár. Tildrög þess að Linda hóf að halda utan um „Kiljubækurnar“ voru þau að starfsfólk Bókasafn Hafnarfjarðar fór að taka eftir því að

daginn eftir og dagana á eftir umfjallanir í Kiljunni á miðvikudagskvöldum fór fólk að streyma á safnið að spyrja um alls konar bækur – glænýjar sem gamlar. Oft og iðulega vissi fólkið ekki titilinn á bókinni né eftir eftir hvern hún væri – en sagðist hafa séð fjallað um bókina í Kiljunni. „Þetta skapaði okkur vandræði og margir lentu í því að þurfa að gramsa eftir mis-finnanlegum bókum og höfundum,“ segir Linda sem byrjaði að taka saman lista um þær bækur fjallað var um í Kiljunni árið 2013, og er enn að og nýtur aðstoðar samstarfskonu sinnar, Katrínar Bjarnadóttur. „Ég tók þetta upp hjá sjálfri mér, en hef unnið þessa vinnu í samráði við samstarfskonu mína, hana Kötu (Katrín Bjarnadóttir). Þeir eru ekki mjög duglegir að birta greinargóða samantekt hjá RÚV um þær bækur sem fjallað er um í Kiljunni hverju sinni. Þannig að ég setti bara á mig heyrnartól í vinnunni á fimmtudagsmorgnum og skrifaði upp eftir þættinum“ (Linda Rós Arnardóttir, 2018).

Bæði Linda og Katrín benda á að sá hópur sem sækir hvað mest í „Kiljubækurnar“ sé fólk á miðjum aldri og eldra. „Það er mjög sjaldgæft að fólk á aldrinum 18 til 35 ára komi og spyrji um bækur sem voru í Kiljunni þá vikuna – vissulega eru einhver dæmi um það, en afar fá. Fólk yfir fertugt kemur töluvert mikið og spyr um bækur sem voru í þættinum. Fólk sem komið er yfir fimmtugt er duglegt að spyrja um bækur sem voru í Kiljunni, en enn eldra fólk – sextíu ára og eldri – er mjög áhugasamt um Kiljuna, sérstaklega fólk sem komið er á „aldur“ og hætt að vinna. Líklega spilar inn í að þá hefur fólk einfaldlega meiri tíma til að lesa“ (Katrín Bjarnadóttir, 2018).

Linda tekur undir orð Katrínar og segir að „fólkið sem hefur hitt á mig er yfirleitt fimmtíu ára og eldra. Ég man man ekki eftir neinum sem hefur spurt mig um „Kiljubækur“ sem er á aldrinum tuttugu til þrjátíu ára. En kannski hefur það fólk lent á einhverjum öðrum starfsmanni. Ég held að það sé alveg til fólk á þessum aldri sem horfir á Kiljuna, en maður verður ekki mikið var við það“ (Linda Rós Arnarsdóttir, 2018).

Framtak Lindu og Kötu hefur mælst mjög vel fyrir, bæði hjá safngestum á Bókasafni Hafnarfjarðar og starfsmönnum þess, enda léttir slíkur vikulegur listi leitina að bókunum sem komu við í Kiljunni og vöktu forvitni fjölmargra. Það er hins vegar áhugavert samkvæmt orðum Lindu og Katrínar hversu lítið Kiljan virðist höfða til yngra fólks, og reyndar er það alveg efni í aðra ritgerð. Verslunarstjórinn Rúnar Logi tekur í svipaðan streng og Linda og Katrín hvað varðar aldur fólks sem fylgist af áhuga með Kiljunni og kaupir og leigir bækur sem þar eru til umfjöllunar. „Ég held það sé hægt að segja svipaða sögu í bókabúðum og bókasöfnum. Fólk yfir fimmtugt er duglegt að koma og spyrja eftir bókum sem voru til umfjöllunar í Kiljunni.“ Rúnar Logi telur að „þarna spili ýmislegt

inn í. Fólk á „miðjum“ aldri held ég að hafi alltaf fylgst betur með bókmenntaumfjöllun. Það fólk hefur kannski meiri tíma fyrir lestur þegar komið er á þennan aldur“ (Rúnar Logi Ingólfsson, 2018).

Áhrif Kiljunnar eru því mikil á sölu bóka og „Egill er ábyggilega beittur þrýstingi frá stórum bókaforlögum um að fjalla um tilteknar bækur, en það er hann sem tekur ákvarðanirnar, enda er valið á bókum afgerandi og umfjöllunin leiðbeinandi fyrir neytandann eins og öll önnur gagnrýni. Og auðvitað er Kiljan markaðstæði - það er verið að selja bækur þar“ (Steinunn Knútsdóttir, 2018).

En því verður ekki neitað þrátt fyrir lítinn áhuga yngra fólks á Kiljunni að áhrif þáttarins á vinsældir bóka eru mjög mikil (og þá fyrst og fremst vegna áhuga fólks sem komið er yfir fimmtugt) líkt og starfsmenn bókabúða og bókasafna hafa fundið fyrir. En þátturinn hefur samt sem áður fengið á sig ýmis konar gagnrýni eins og fjallað verður um í næsta kafla.

7 Egill og gagnrýnin

Kiljan og Egill hafa að sjálfsögðu ekki „sloppið“ við gagnrýni, en miðað við vinsælan þátt sem hefur verið í sjónvarpinu í áratug er ekki mikla gagnrýni að finna. Kannski hefur Agli tekist að finna einhverskonar „formúlu“ að farsælum þætti sem að mestu sleppur við harða gagnrýni? En Egill segir sjálfur enga sérstaka fyrirmynd hafa verið að þættinum og hann segir líka að hann hafi ekki fundið „formúlu“ að farsælum og langlífum þætti, en hann vissi þó frá upphafi „að til þess að svona þáttur myndi ganga í einhvern tíma yrði hann að vera þokkalega alþýðlegur. Jafnvel þannig að fólk sem hefur ekki brjálæðislegan áhuga á bókum geti haft af honum ánægju.“ Egill sá það því strax í hendi sér að svona þáttur yrði að vera „hæfilega alþýðlegur“, líkt og áður hefur komið fram, en hann vissi líka að slíkur þáttur yrði einnig „að vera nógu skemmtilegur til að þeir sem hefðu ekki sérstakan áhuga á bókum gætu horft og kannski er það lykillinn að því að þátturinn lifir enn; byrjar á sínu tólfta ári næsta vetur, 2018-19, og er að ég held orðinn langlífasti menningarþáttur í sögu sjónvarpsins“ (Egill Helgason, 2018).

Egill Helgason hefur ekki verið gagnrýndur mikið og hann virðist líka ekki vera neitt sérlega viðkvæmur fyrir gagnrýni þegar hún skýtur upp kollinum. Höfundur þessarar ritgerðar tók viðtal við Þröst Helgason bókmenntafræðing fyrir tímaritið *Mannlíf*, í júní árið 2010. Þar bar á góma Kiljan og Þröstur var ekkert að skafa utan af hlutunum. Hann

sagði menningarumfjöllun á Íslandi vera á undanhaldi og gagnrýni takmarkaða. Þröstur segir Ríkisútvarpið, Rás 1, halda uppi menningarumfjöllun og gagnrýni, og það sem boðið sé uppá í Ríkissjónvarpinu sé eiginlega verra en ekki neitt. Þröstur segist hafa gagnrýnt val Egils Helgasonar á ritdómurum í Kiljuna strax frá byrjun, en hann taldi Pál Baldvin Baldvinsson og Kolbrúnu Bergþórsdóttur vera of lík hvort öðru. Eftir að hafa fylgst með Páli og Kolbrúnu gagnrýna í Kiljunni segist Þröstur hafa orðið afar undrandi á því hversu litla færni í bókmenntagreiningu honum fannst þau búa yfir eftir að hafa verið í þessum „bransa“ í áratugi. Þröstur er á því að Egill sé góður samtalsmaður en takmarkaður bókmenntaumfjallandi. „Um daginn kynnti hann Cormac McCarthy með þeim hætti að áhorfendur hefðu getað haldið að þar færi lélegur b-höfundur úr Hollywood-vélinni. Hann leyfir umfjölluninni að vera á einhverju kjaftastigi.“ Þröstur segir líka að höfundum sé miskunnarlaust slátrað á forsendum aldurs, kyns og menntunar og hann varð beinlínis hryggur eftir „meðferð“ Egils, Kolbrúnar og Páls Baldvins á rithöfundinum Steinunni Sigurðardóttur þann veturinn (2009-2010). Þröstur segir ritdómararan bera fyrir sig fáfræði „þegar þeir nenna ekki að lesa nákvæmlega. Og svo flissa þau bara að öllu saman.“ Presti finnst það þó einna sorglegast „að þremmingarnir virðast eiga sér næga viðhlæjendur, að minnsta kosti ef marka má allt hrósið sem Egill fær fyrir þáttinn á Fésbókinni.“ Þröstur fer ekki í grafgötur með það í viðtalinu að honum finnist Kiljan ekki bjóða upp á góða bókmentaumfjöllun. „Fólk heldur að þetta sé góð umfjöllun. Fólk heldur að það sé þetta sem bókmenntaumfjöllun snúist um. En þar skjátlast því herfilega“ (Svanur Már Snorrason, 2010).

Það er annað uppi á teningnum þegar Sigurður G. Valgeirson, sem á sér langa sögu sem gagnrýnandi í Kiljunni, er spurður um bókaumfjöllun og gagnrýni í Kiljunni. „Mér finnst að í Kiljunni hafi komið fram einhver besta bókmenntaumfjöllun sem ég hef séð í íslensku sjónvarpi frá upphafi og mér finnst Agli hafa tekist afburðavel með þáttinn“ (Sigurður G. Valgeirsson, 2018).

En hvað varðar harða gagnrýni Þröstar þá virðist Egill ekki hafa tekið henni illa, og það virðist hreinlega eins og enginn hafi spurt hann út í þessa hörðu gagnrýni Þröstar. Mögulega las Egill ekki viðtalið við Þröst, en hins vegar leið ekki ýkja langur tími þangað til Þröstur Helgason var ráðinn sem einn af gagnrýnendum Kiljunnar; rúm tvö ár liðu á milli harðrar gagnrýni Þröstar á Kiljuna og ráðningar hans sem eins af bókagagnrýnendum Kiljunnar. Í tilkynningu sem Egill sendi frá sér á bloggsíðu sinni árið 2012 kemur fram að „breyting verður á Kiljunni þegar hún fer í loftið innan skamms.“ Lesendum þáttarins (gagnrýnendum) fjölgar umtalsvert og „í hópinn hafa bæst Eiríkur Guðmundsson, Fríða

Björk Ingvarsdóttir, Friðrika Benónýs, Pröstur Helgason og Sigurður G. Valgeirsson, Kolbrún Bergþórsdóttir verður áfram“ (Egill Helgason, 2012).

Annað dæmi en Pröstur er Haukur Ingvarsson rithöfundur og bókmenntafræðingur. Í frétt á Vísi sem blaðamaðurinn Freyr Gígja Gunnarsson skrifaði árið 2010, er að finna svipað dæmi um gagnrýni á Kiljuna og það hvernig Egill Helgason virðist taka á henni. Þar er fjallað um að þau Haukur Ingvarsson, Illugi Jökulsson og Þorgerður E. Sigurðardóttir bætist í hóp gagnrýnenda Kiljunnar, og að þau Páll Baldvin Baldvinsson og Kolbrún Bergþórsdóttir verði á sínum stað auk þáttastjórnandans Egils Helgason, sem sé ánægður með viðbótina. „Illugi verður fyrir áramót með Þorgerði og Haukur kemur síðan í staðinn fyrir hann og verður með okkur eftir áramót,“ segir Egill í fréttinni. Það sem vakti hins vegar mesta athygli Freys Gígju er ráðning Hauks, sem Freyr Gígja segir að sé „þekktastur fyrir snarpa menningarrýni sína í útvarpsþættinum Víðsjá,“ vegna þess að Haukur „fór ekki fögrum orðum um bókmenntagagnrýnina í Kiljunni fyrir rösku ári í áðurnefndum útvarpsþætti.“ Í fréttinni kemur það síðan fram að Egill Helgason segist ekki hafa heyrt af þeirri gagnrýni en honum finnist „Haukur fyrst og fremst skemmtilegur og snjall strákur. Ég hef lesið eftir hann og hann hefur komið í þáttinn til mín.“ Vitnað er í Hauk í fréttinni sem segist aldrei hafa haft neinn sérstakan áhuga á að starfa í sjónvarpi „en það hefði líka verið hallærislegt að taka ekki þessu boði. Maður getur ekki bara setið og gagnrýnt út í eitt án þess að vilja sjálfur taka þátt“ (Freyr Gígja Gunnarsson, 2010).

Þarna líður um það bil ár á milli gagnrýni Hauks á þátt Egils og þangað til Egill ræður Hauk sem bókagagnrýnanda í Kiljuna. Egill virðist því ekki taka gagnrýni á þáttinn sinn illa, ef litið er til þessara tveggja áðurnefndra dæma um gagnrýni Þratar og Hauks. Hann ræður þá hinsvegar báða í vinnu við þáttinn sinn og hann hlýtur að telja þá vera góða og réttmæta gagnrýnendur því ekki hreyfir hann neinum mótmælum né tekur illa á neinn hátt gagnrýni Þratar og Hauks. Egill virðist forðast „átök“ í kringum Kiljuna – hann vill ekki slíðra nein sverð heldur passa frekar upp á að sverðin komist ekki upp úr slíðrinu. Pröstur og Haukur fá ekki sín „átök“ hafi það á annað borð nokkurntímann verið vilji þeirra.

Eins og áður sagði er ekki að finna mikla né sterka gagnrýni á Kiljuna og þátturinn getur seint talist mjög umdeildur. Hinsvegar hefur Egill verið opinberlega gagnrýndur fyrir að gera kvenrithöfundum ekki nægilega góð skil miðað við karlriðhöfunda; að það hafi hallað á konur í Kiljunni. Í *Fréttatímanum*, helgina 18.-20. mars árið 2011, birtist grein þar sem Egill er gagnrýndur fyrir að gæta ekki jafnræðis varðandi kynjahlutfall gesta í Kiljunni. Greinin bar yfirskriftina „Kiljan og konurnar“, og undir hana rituðu nafn sitt

átján konur og sjö karlar. Í greininni er nefnt að kynjahlutföll í fjölmiðlum séu langt frá því að vera jöfn þrátt fyrir að fjölmiðlar segist allir vera af vilja gerðir til að rétta hlutföllin; að lítið hafi breyst þrátt fyrir jafnréttisáætlanir og jafnréttislög; að nokkur af þeim er skrifuðu greinina hafi gert „ítrekaðar tilraunir til þess að benda Agli Helgasyni á að ójafnvægis gæti milli kynjanna í Kiljunni.“ Þá er nefnt að þegar Agli sé bent á að fáar konur sjáist í þáttunum hans bendir hann á að svo gildi einnig um fleiri íslenska dagskrárliði, „en yfir því kvarti enginn og hann nefnir að gamalt fólk sjáist sjaldan í sjónvarpinu og að hann bæti úr því með því að ræða við níræðan karlmann“ (Kiljan og konurnar, 2011). Egill var fljótur til svars; viðbrögð hans við þessari gagnrýni létu ekki á sér standa að þessu sinni. Sama dag og *Fréttatíminn* kemur út með greininni svarar hann fyrir sig á Eyjubloggi sínu. „Hópur fólks skrifar um kynjahlutföll í Kiljunni. Ég held að enginn geti haldi því fram að konur sem skrifa bækur séu sniðgengnar í þættinum – eða bækur eftir konur,“ skrifar Egill og segir að stundum „sé úr vöndu að ráða. Til dæmis ef koma út fleiri bækur eftir karla en konur. Og það er einfaldlega staðreynd að svo er.“ Egill nefnir að fólk geti einfaldlega skoðað [Bókaféið](#) og séð með eigin augum „hvernig er í pottinn búið.“ Að mati Egils má þó auðvitað „alltaf gera betur í þessu efni og ekki stendur á mér að gera það.“ Hann segir að mikilvægast sé að höfundar séu metnir að verðleikum, sem og annað fólk, „en ég held að það verði að skoða þetta í aðeins stærra samhengi en út frá einum sjónvarpsþætti“ (Egill Helgason, 2011).

Þetta allt öðruvísi gagnrýni en þeir Þröstur og Haukur settu fram, og viðbrögð Egils eru einnig allt öðruvísi (hann les greinilega strax greinina í *Fréttatímanum*, en kannast ekki við að hafa heyrt gagnrýni Hauks og ekkert er finnanlegt um viðbrögð Egils við gagnrýni Þrastar) og hann ræður ekkert af fólkinu sem skrifar undir greinina í vinnu hjá sér, enda um töluverðan fjölda þar að ræða.

Þær Hildur Knútsdóttir og Hildur Lilliendahl, kvittuðu undir þessa grein, og höfundur ritgerðar setti sig í samband við þær varðandi það hvort þær hefðu fengið mikil viðbrögð við greininni og hvort þeim fyndist eitthvað hafa breyst til batnaðar í Kiljunni frá því að greinin var skrifuð. Hildur Knútsdóttir segist hreinlega ekki muna „alveg hver viðbrögð Egils voru þarna fyrir sjö árum. Og ég get því miður ekki sagt til um það með neinni vissu hvort staðan hefur batnað eða breyst, að mér vitandi hafa kynjahlutföllin ekki verið kortlögð síðan árið 2011“ (Hildur Knútsdóttir, 2018). Hildur Lilliendahl var ekki fremur en nafna hennar Knútsdóttir margorð um eftirköst greinarinnar. Hún segir þó að „gríðarlega“ margt hafi breyst til batnaðar „í jafnréttismálum og kynjahlutföllum á síðastliðnum sjö árum.“ Hildur segir þáttastjórnandann Egil Helgason hafa „þroskast

heilmikið“ frá þessum tíma. „Eins og samfélagið allt. En ég veit ekki hver kynjahlutföllin í sjónvarpsþáttunum hans eru“ (Hildur Lilliendahl, 2018). Það er því ekki um auðugan garð að gresja þegar fjalla skal um gagnrýni á Kiljuna – hún er vissulega einhver, en miðað við svo langan líftíma þáttar sem ekki sér fyrir endann á er gagnrýnin langt frá því að vera mikil.

Egill hefur þó fengið að heyra það að hann þyki ekki fjalla nægilega mikið um fræðilegar bækur og að það ætti að vera bókmenntafræðingur sem stjórnar bókmenntaþætti. „Ég kannast við gagnrýni þess efnis að það sé ekki nægilega mikil umfjöllun um fræðilegar bækur í Kiljunni og mér finnst vera viss misskilningur þar á ferð.“ Egill segir að Kiljan fjalli heilmikið um bækur sem tengjast fræðum en hins vegar lendi sú umfjöllun meira á síðari hluta vetrarins, eftir jóla, enda sé fræðibókunum ekki eins mikið stefnt á jólamarkaðinn og því sem er skáldskaparkyns. „Ef til dæmis er skoðað hvaða bækur eru tilnefndar til bókmenntaverðlauna sem fræðibækur hvert ár og líka viðurkenningar Hagþenkis sér maður að drjúgur hluti þeirra hefur verið til umfjöllunar í Kiljunni.“ Eins og áður hefur komið fram er Egill „ómenntaður“ maður og „það var gagnrýnt að fenginn væri til að stjórna svona þætti maður sem ekki er bókmenntafræðingur, en ég var aðallega þekktur fyrir stjórn málaumfjöllun.“ Egill segir þó að færri hafi hins munað eftir því að hann hafði byrjað sem menningarblaðamaður og „það var auðvitað þess vegna sem Páll Magnússon réð mig til þessa starfs.“

Egill segir fólk taka því misjafnlega að komast ekki að í Kiljunni en hann telur þó ekki að hann eigi sér óvildarmenn úti í samfélaginu sem telji sig sniðgengna í þættinum. „Það komast náttúrliga ekki allar bækur að í þættinum. Ég hef upplifað afar móðgað fólk vegna þessa, en ekki get ég ekki sagt að ég eigi mér óvildarmenn. Ef svo er, þá leggja þeir ekki í að segja álit sitt beint framan í mig.“ Egill hefur hins vegar orðið var við að sumir gagnrýnendur þáttarins „séu ekki vinsælir í öllum kreðsum.“ Hann segir að reglan hjá honum sem þáttastjórnanda sé að íslenskur skáldskapur hafi forgang, ekki bara skáldsögur heldur passi hann líka upp á að ljóðlistin fái inni í þættinum. „Þar er bæði rætt um ljóð og flutt ljóð. Svo koma þýðingar á erlendum fagurbókmenntum. Bækur um sögu gefa oft gott tilefni til umfjöllunar og eru þakklátt efni. Matreiðslubókum hef ég alveg sleppt sem og sjálfshjálparbókum. Maður kemst víst ekki yfir allt“ (Egill Helgason, 2018).

Eftir áratug á „skjánum“ og yfir 300 þætti er ekki mikið að finna um gagnrýni á störf Egils Helgasonar sem þáttastjórnanda Kiljunnar, og ekki heldur á þáttinn sjálfan. Þátturinn getur ekki talist umdeildur og almenn sátt virðist ríkja um Kiljuna og Egil Helgason. Sú litla gagnrýni sem er að finna hefur mest snúist um að Egill mætti fjalla

meira um fræðibækur og jafna kynjahlutföll. Þeir tveir einstaklingar sem hafa sett opinberlega fram hörðustu gagnrýnina á Egill og Kiljuna voru báðir ráðnir sem gagnrýnendur í þættinum ekki svo löngu eftir gagnrýni þeirra. Kiljan er vinsæll þáttur sem almenningur virðist kunna vel að meta, en í næsta kafla verður spjótunum beint að fólki sem starfað hefur við „menningu“ á hinum ýmsu sviðum – „málsmetandi menningarvitum“ – og reynt að komast að því hvað þeim finnst um Egil og Kiljuna.

8 „Málsmetandi menningarvitar“ um Egil og Kiljuna

Þar sem þessi ritgerð er frumrannsókn á bókmenntaþættinum Kiljunni og stjórnanda hans, Agli Helgasyni, er ekki úr vegi, til að auka „yfirsýn“ á þáttinn og Egil sem þáttastjórnanda og mögulega nokkurskonar „menningarpáfa“, eða jafnvel „bókmenntakanónu“, að ræða við fólk sem starfað hefur við „menningu“ á hinum ýmsu sviðum í langan tíma. Hvað finnst „málsmetandi menningarvitum“ um Egil (og Kiljuna) – þennan „ómenntaða“ mann sem staðið hefur „í brúnni“ í meira áratug og haldið af festu utan um vinsælasta, langlífasta og áhrifamesta menningarpátt í íslensku sjónvarpi frá stofnun þess árið 1966?

Ástráður Eysteinnsson prófessor í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands

Ástráður er spurður hvort Kiljan sé menningarfræðilegur sjónvarpsþáttur þótt hann fjalli um bókmenntir en ekki aðrar listir. „Kiljan er vitaskuld menningarpáttur, en hvort og hvenær hann er menningarfræðilegur veltur á því hvort ákveðin viðfangsefni séu brotin til mergjar; hvort rýnt sé í ýmsa menningarþætti og þeir greindir.“ Ástráður segir að „bókmenntaverk gefa oftast en ekki tilefni til slíkrar menningargreiningar - og hún getur í ýmsum tilvikum fallið saman við bókmenntafræði, en þarf ekki að gera það.“

Varðandi áhrif Kiljunnar á íslenskt bókmenntalíf efast Ástráður „ekki um að Kiljan hefur vakið áhuga margra á einstökum bókum sem þar eru til umfjöllunar - sem getur haft ruðningsáhrif - að lesendur kynnast nýjum höfundum, fara að lesa meira eftir þá og svo framvegis. Ég hef heyrt forsvarsmann íslensks bókaforlags segja að umfjöllun í Kiljunni sé hreinlega forsenda þess að hægt sé að vekja víðtæka athygli á nýrri bók, og þá er væntanlega verið að vísa til þess samtals um nýjar bækur sem er fastur liður í þættinum.“

Óhætt er að segja að þótt hinir „málsmetandi menningarvitar“ séu ekki allir alveg sáttir með Kiljuna sem bókmenntapátt, þá er ekki að finna í máli þeirra „sterka né neikvæða“ gagnrýni á þáttinn þótt fundið sé að ýmsu sem betur mætti fara. Þátturinn er

talinn mikilvægur og áhrifamikill, en umræður mættu vera dýpri og fræðilegt efni mætti fá meira vægi. Þá er nefnt að „fríska mætti upp á settið“ – breyta ytri umgjörð þáttarins. „Menntunarleysi“ Egils virðist skipta litlu máli; hann er talinn „intellektúal“ og það ríkir sátt um hann sem þáttastjórnanda. Almenn er álitid að Egill fari vel með það „vald“ sem hann hefur sem stjórnandi svo áhrifamikils menningarþáttar sem Kiljan er. Helsta ástæðan fyrir langlífi þáttarins er talin vera Egill sjálfur; að hann setji sál sína í verkefnið; hafi viskuna en ekki bara þekkinguna; sýni ást sína á bókmenntum og hafi eitthvað að segja.

Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur

„Ég tel að Kiljan hafi haft afar mikil og góð áhrif á bókmenntaáhuga þjóðarinnar og umræður um bókmenntir; ég fann það vel þegar ég starfaði í bókaútgáfu og hef meðal annars reynslu af því hvernig viðtal í Kiljunni skilaði til mín afar stórum hópi í bókmenntagöngu í Reykjavík,“ segir Jón Karl og bætir við: „Gagnrýnin er í upphafi og hún er áhrifaríkasti þáttur Kiljunnar, og sem betur fer hefur orðið ágæt endurnýjun gagnrýnenda þar á liðnum árum. Oft eru skínandi góð viðtöl við höfunda og þeir sem standa að þættinum eiga lof skilið fyrir vandaða myndræna úrvinnslu og upptökur á viðtölum utan við stúdíó - jafnvel úti á landi eða erlendis.“ Jóni Karli finnst að „huganlega mætti hvíla suma fasta liði; heimsókn í fornbókaverslun var dæmi um ágætan lið sem var látinn ganga of lengi óbreyttur - en það eru líka sóknarfæri í almennari bókmenntaumræðu – til dæmis að nota tiltekin efni; ég nefni deilur í sænsku akademíunni í vetur - sem upptakt að skoðanaskiptum ólíkra aðila, helst fólks sem er á öndverðum meiði. Þá mætti oftast beina sjónum til útlanda í þættinum.“

Jón Karl segir að þegar Kiljan hóf göngu sína hafi verið mun meiri umfjöllun í dagblöðum um bókmenntir en nú. „Kiljan var góð viðbót og verður stöðugt mikilvægari eftir því sem færri ritdómar eru birtir og almenn bókmenntaumfjöllun dagblaða verður fátæklegri. Á sínum tíma var Stöð 2 virkari í bókmenntaumfjöllun en missti svolítið móðinn með tilkomu Kiljunnar, en það er ekki endilega beint samband þar á milli. Vefmiðlar hafa líka bæst við og þar er margt hnýsilegt í gangi en á síðustu árum hefur mér fundist sem útgáfumarkaðurinn hafi orðið meira og meira jaðarfyrirbæri í fjölmiðlaumfjöllun.“

Að mati Jóns Karls hefur Egill Helgason „haldið ágætlega utan um þennan þátt um árabíl, en það er samt spurning hvort það sé farið að slá aðeins í hann - fyrirgefðu orðalagið - og að nýr ferskur umsjónarmaður gæti hleypt nýju lífi í þáttinn. Hér má minna á þá breytingu sem hefur verið gerð í Silfri Egils í vetur þar sem umsjón er nú í höndum

tveggja.“ Jón Karl vill ekki meina að einungis sé hægt að setja samasemmerki milli Egils og Kiljunnar því „hópurinn sem hefur unnið með Agli hefur alltaf haft góðan faglegan sjónvarpsmetnað; þátturinn er myndrænn og þrævel unninn. En þarna er líka kannski kominn tími á endurnýjun - settið er alltaf eins, inngangsstef það sama og svo framvegis.“

Aðspurður telur Jón Karl að „Egill hafi farið vel með þau völd sem felast í því að stjórna svona þætti; hann vinnur með víðtækt bókmenntahugtak og er ekki það mér hefur sýnst sérstaklega hallur undir eitt forlag, eina skáldakynslóð – ekkert svoleiðis. En hann er að eldast og hættan er sú með svona þætti að þeir deyji út með áhangendum sínum og það væri forvitnilegt að vita hvernig meðalaaldur áhorfenda hefur hækkað á liðnum árum, og ég þykist viss um að hann hafi hækkað.“

Einar Már Guðmundsson rithöfundur

„Áhrif Kiljunnar hljóta að vera einhver - en ég treysti mér ekki til að segja hver þau eru. Líklega yrði maður að hafa eitthvað til samanburðar,“ segir Einar Már sem spyr: „Hvernig væri bókmennalífið ef ekki væri nein Kilja? Hvernig væri staðan ef það væru fleiri þættir af slíkum toga? Ekki endilega einsog Kiljan en fjölluðu um bókmenntir. Vegir bókmenntanna eru órannsakanlegir.“ Einar Már segir að bækur sem fái litla umfjöllun brjótist oft í gegn „en það getur tekið lengri tíma, en hvað er tími þegar bókmenntir eru annars vegar?“ Einar Már er á því að „til skamms tíma hafa þættir einsog Kiljan talsverð áhrif. Til lengri tíma, því er erfitt að svara. Þættir sem voru á undan Kiljunni, hver voru áhrif þeirra? Og hefur Egill sem slíkur meiri áhrif en til dæmis Kolbrún Bergþórsdóttir? Ég bara spyr. Almennarómur vísar jafnvel oft til Kolbrúnar. Stundum heyrir maður líka sagt: „Þau voru að fjalla um þessa bók í Kiljunni,“ og þá vanalega í því samhengi að fólk vilji kynna sér bókina.“

Einar Már segir að Kiljan sé hluti af bókmenntalífinu og hafi góð áhrif á það „en auðvitað verður umfjöllun í jafn stuttum þætti og Kiljan er oft frekar yfirborðskennd.

Að mati Einars Márs varða breytingar á bókmenntaumfjöllun í fjölmiðlum Kiljuna ekki svo mikið, „heldur er minni áhersla á efni sem tengist bókmenntum og menningu. Samfélagsmiðlarnir hafa að einhverju leyti tekið þetta yfir. Maður rekst á mikið efni, stundum eitthvað nýtt, stundum eitthvað sem staðfestir það sem maður veit fyrir. En þetta hafa menn alltaf sagt. Umfjöllun er alltaf á niðurleið en þegar litið er tilbaka hefur fortíðin alltaf vinninginn, og þannig verður nútíminn líka þegar hann er orðin fortíð.“

Aðspurður segir Einar Már um það hvort hægt sé að telja Egil Helgason „bókmenntakanónu.“ „Kanónur. eru það ekki fallbyssur? Þetta hljómar einsog „It’s the

singer not the song.“ Hvort Egill passi inn í þá líkingu, það held ég ekki. Það er varla að Egill sé eins og sagt var um Kristinn E. Andrésson, einhvers konar „bókmenntapafi“ því að einhverju leyti er sú tíð liðin tíð, og kannski var sú tíð aldrei til, ekki með þeim hætti einsog hún er oft sett fram.“ Einar Már segir að hér „áður höfðu menn meiri áhuga á því um hvað rithöfundar skrifuðu, hvaða afstöðu þeir tækju og svo framvegis. Það koma oft upp aðilar, bæði hér og annars staðar, sem hafa sterkar skoðanir á því um hvað eigi að skrifa og hvernig bókmenntir eigi að vera. Ég held að það sér erfitt að setja á Egil á slíkan bás, því hann er frekar opinn og frjáls í sinni umfjöllun og sínum vangaveltum,“ segir Einar Már.

Jónatan Garðarsson dagskrárgerðarmaður á RÚV

Jónatan stýrði menningarþættinum Mósáik á RÚV um átta ára skeið, frá 1998 til 2006. Að hans mati er „Kiljan ágætlega heppnaður þáttur sem er að vissu leyti í svipuðum anda og sambærilegur þáttur í franska ríkissjónvarpinu þar sem sérfræðingar og höfundar mæta í myndver og ræða um bókmenntir. Sá þáttur er að vísu mun lengri en Kiljan og keyrður meira og minna í beinni útsendingu, en hugmyndin er mjög svipuð.“ Jónatan segir að með Kiljunni hafi tekist vel til með að skapa fastan sess fyrir bókmenntaumræðu á Íslandi „og þátturinn hefur líkast til átt sinn þátt í að íslenska þjóðin er enn þá bókaþjóð, þó svo að margt annað komi til.“ Jónatan segir að Kiljan og Mósáik hafi verið „að vissu leyti sambærilegir þættir, það er hvað bókmenntaumfjöllun varðar. Við gerðum stundum innslög á svipuðum nótum og fólk og staðir, þó svo að Egill fari öðruvísi að en við gerðum.“ Í Mósáik var lögð „áhersla á að þáttastjórnendur sæjust sem minnst, og við vildum frekar láta viðmælendur okkar vera í sviðsljósinu. Þetta hefur breyst verulega því í Kiljunni eru þáttastjórnendur og gagnrýnendur í aðalhlutverki í meira mæli en var hjá okkur í Mósáik.“ Jónatan segir báðar aðferðir góðar og það sé nauðsynlegt að breyta til „þannig að ég legg engan dóm á hvor aðferðin er betri. Kiljunni hefur tekist að bjóða upp á fjölbreytta umfjöllun um bókmenntir, bækur og höfunda, sem við gátum ekki gert í sama mæli þar sem Mósáik var ætlað að fjalla um nánast allt milli himins og jarðar.“

Auður Jónsdóttir rithöfundur og blaðakona

„Ég held að Kiljan hafi verið tímabær og sé oft vanmetin. Egill bjó þarna til ákveðinn umræðuvettvang og notaðist við erlendar fyrirmyndir, eins og að hafa ólíka gagnrýnendur sem ræða málin, oft á ólíkri skoðun,“ segir Auður og bætir við: „Umræðan varð þarna jöfn og þétt og það er mikilvægt. Ég held að Kiljan sé af því góða og hafi bætt góðu við

bókmenntalandslagið. Hér á landi vantar átakanlega efni í fjölmiðla um bókmenntir og menningu.“ Auður er á því að sjónvarpið sé svo sterkur miðill „að bók getur fallið eða slegið í gegn eftir umfjöllun í Kiljunni. Gott dæmi var þegar fyrst var talað um bókina Gamlingjann þar og svo lofsamlega að daginn eftir var röð við Eymundsson.“ Auður segir að „vond gagnrýni þar er líka hættuleg bók, og þarf þá mikið af öðru, umfjöllun á öðrum vettvangi, til að veða á móti því. Kiljan er talin vænlegust til árangurs til að koma bók á framfæri og forlögin leggja mikið upp úr því að koma höfundum þar að og það er ábyggilega sett mikil pressa á þáttastjórnendur, enda hefur þátturinn mjög mikil markaðsleg áhrif.“ Hún segir að „ákveðið ójafnvægi skapast þegar sumar bækur komast í þáttinn en aðrar ekki, þær sem fá þar góða umfjöllun eru þannig fljótari í höfn. Bækur geta jafnvel týnst komist þær ekki að í Kiljunni, er tilfinning mín.“ Að mati Auðar er Kiljan þó af hinu góða, „en það vantar bara meiri og dýpri menningar- og bókmenntaumfjöllun í aðra fjölmiðla. Þar liggur vandinn.“

Sigurður G. Valgeirsson upplýsingafulltrúi Fjármálaeftirlitsins og gagnrýnandi í Kiljunni

Sigurður segir að það sé „ekki sjálfgefið fyrirfram að svona þáttur heppnist yfirhöfuð en mér sýnist flestir líta á þáttinn sem sjálfsgaðan hlut á dagskrá RÚV í dag. Egill hefur eflst jafnt og þétt sem sjónvarpsmaður. Hann öðlaðist ákveðinn „status“ að mínu mati í kjölfar hrunsins og Silfur Egils vakti mikla athygli og var ákveðinn miðpunktur umræðunnar. Innan bókmenntaumræðunnar hefur Kiljan einnig skipt miklu máli.“ Sigurður segir að Egill hafi „vitt sjónarhorn í vali sínu á bókum og það er að mínu mati ein af höfuðástæðunum fyrir vinsældum þáttarins.“ Einnig telur Sigurður að það sé erfitt að veða og meta hvað eigi að koma í þáttinn, „en mér sýnist þetta val þó almennt takast vel hjá Agli og að fjallað sé um öll helstu verk í þættinum. Þá verð ég ekki var við sérstaka gagnrýni á val bóka, slík gagnrýni er að minnsta kosti ekki áberandi,“ segir hann og bætir við: „Mér finnst þær vinsældir sem Kiljan hefur öðlast sýna að Egill hefur almennt tekið réttar ákvarðanir við val á efni og ég hef meiri trú á því að einn maður eða lítil ritstjórn velji efni heldur en að það sé í höndum einhvers valnefndar.“

Kolbrún Bergþórsdóttir blaðakona og gagnrýnandi í Kiljunni

„Egill er afburða sjónvarpsmaður, fróður og athugull og laus við allt yfirlæti,“ segir Kolbrún sem telur Egil ná vel til áhorfenda sem „líta á hann sem heimilisvin.“ Kolbrún nefnir að áður en hún varð gagnrýnandi í Kiljunni hafi hún verið í öðrum sjónvarpsþáttum

að ræða um bækur, „en ég hef ekki náð jafngóðri tengingu við neinn þáttastjórnanda eins og við Egil. Við höfum þekkt í áratugi en í þann áratug sem við höfum starfað saman í Kiljunni hefur skapast traust og virðing á milli okkar.“

Kolbrún er á því að Kiljan hafi „ótvírætt gert bókamenntaumhverfið betra hér á landi,“ því „þarna er þáttur sem hefur verið á dagskrá árum saman og þar er vakin athygli á bókum og áhugasamir fylgjast með.“ Hún segir að „í bókabúðum talar starfsfólk um áhrif þáttarins, fólk kaupir bækurnar sem þar er mælt með. Þetta er þáttur sem hefur fest sig í sessi og það er gott fyrir bókmenntirnar í landinu.“

Sjónvarp er gríðarlega áhrifamikill miðill að mati Kolbrúnar og hún segir að það að sjónvarpsþáttur um bækur skuli gnæfa yfir aðra bókmenntaumfjöllun sé eiginlega óhjákvæmilegt séu áhrif miðilsins höfð í huga. „Mér finnst gott að Kiljan hafi mikil áhrif. Allt sem vekur áhuga á bókum er til góðs og ef sjónvarpsþáttur fær fólk til að lesa bækur sem það hefði annars ekki lesið þá er það jákvætt og gleðilegt.“

Þar sem Kolbrún hefur verið gagnrýnandi í Kiljunni frá upphafi þekkir hún vel til þeirrar pressu sem fylgir svo langlífum, áhrifamiklum og vinsælum sjónvarpsþætti. „Það er örugglega mikil pressa á Agli frá útgefendum og rithöfundum. Ég hef aðeins fundið fyrir pressu en er orðin svo sjóuð í þessum bransa að það hefur engin áhrif á mig.“ Kolbrún segir að „útgefendur og rithöfundar vita af áhrifum Kiljunnar og vita líka að góðir dómar þar hafa áhrif á sölu. Það er þeim kappsmál að komast þar að með verk sín. En það er Egill sem er þáttastjórnandi og það er hann sem velur bækurnar sem dæmdar eru þannig að pressan er auðvitað langmest á honum.“

Hún segir að eftir að Kiljan „fór í loftið“ hafi hún fundið fyrir breytingu. „Fólk heilsar og stoppar og þakkar fyrir sig og biður oft fyrir kveðju til Egils. Viðbrögðin eru full af hlýju, þannig að ég get ekki kvartað.“ Kolbrún segir þó það misjafnt hvernig fólk taki neikvæðum dómum. „Þetta er lítið samfélag þar sem allir þekkjast. Dæmi eru um að rithöfundar sem áður hafi heilsað manni geri það ekki lengur. Þetta fylgir starfinu og maður verður að þola það. Ég fékk eitt sinn nafnlaust bréf með alls kyns svívirðingum, en slíkt er algjör undantekning.“

Guðmundur Oddur Magnússon (Goddur) rannsóknarprófessor við LHÍ

Guðmundur Oddur er í daglegu tali kallaður Goddur og það verður einnig gert í þessari ritgerð. Goddi verður tíðrætt um listræn og markaðsleg sjónarmið í tengslum við menningu, þótt hann segi að „sjálfur hef ég ekki orðið var við að listræn sjónarmið hafi rekist á bein markaðsleg sjónarmið í Kiljunni, þó ég sjái þáttinn oft. Afskipti markaðslegra

sjónarmiða eru óþolandi í augum og eyrum menningarlega sinnaðs fólks. Ég þekki Egil ágætlega; sat á næsta borði við hann í nokkur ár hjá RÚV. Ég veit að hann hefur ofnæmi gagnvart markaðsöflum, en það er ekki þar með sagt að markaðsöflin misnoti eða notfæri sér ekki það sem menn eins og hann segja og gera,“ segir Goddur og bætir við að hann telji að ekki sé hægt að markaðsetja menningu að gagni sem ekki hefur eigin innstæðu nema kannski yfir eina nótt. „Egill eða aðrir álitsgjafar í þættinum gætu vegna smekkvísi sinnar og þekkingar á bókmenntum sagt eitthvað sem hefur áhrif á sölu, en það kemst alltaf upp um skrum markaðsfræðinga og þá fer markaðsetningin að vinna gegn sjálfri sér.“

Goddur segir eina ástæðuna fyrir langlífi og velgengni Kiljunnar vera þá að „Egill veit hvað hann er að tala um, hefur skilning og sýnir ást á bókmenntum. Þá tel ég hann þola vel pressu, sem er mikilvægt. Athugaðu að pressa myndi ekki myndast nema af því að umfjöllunin er góð.“ Önnur ástæða fyrir langlífina „er Egill sjálfur. Hann setur sál sína í þetta eins og góðir rithöfundar, hefur viskuna en ekki bara þekkinguna - sýnir ást sína á bókmenntum og hefur eitthvað að segja, og ég er hræddur um að það fari ekki hver sem er í hans fótspor.“ Goddur er ekki viss um hvort Egill Helgason sé „bókmenntakanóna.“ „Það er spurning hvað maður á við með kanónu. Ég get vel hugsað mér markaskorara í fótbolta, en eiginleg merking í menningarlegum skilningi er það guðlega, það dýrðlega, sem varpast langt aftan úr fortíð og viðhelst með þeim sem hafa skilning á kanónunni - hin guðdómlegu form.“ Goddur telur að „ef kanónan dó með Laxness þá hafði hún dáið ansi oft áður og kannski er það eðli hennar að hún deyr ef henni er ekki haldið lifandi og líklega þarf hún að deyja til að geta endurfæðst. Listin sér nefnilega um sjálfa sig þegar upp er staðið. Í listinni er verið að leita að sönnum tjáningum - truth is beauty - beauty is truth - sem þýðir ekki stóri sannleikur heldur að vera sannur.“ Goddur er „ekki einu sinni viss um að Laxness standist það próf þegar tímar líða“ því „við endurskoðum listir og bókmenntir þegar tíminn líður og höfum á endanum bara áhuga á þeim sem eru sannir. En ég er sannfærður um að það finnst einhver til að taka við Agli. Það er mjög líklegt að það verði kona. Sannaðu til.“

Steinunn Knútsdóttir deildarforseti sviðslistadeildar LHÍ

„Það er augljóst að umfjöllun um bækur í Kiljunni hefur áhrif á þann áhorfandahóp sem Kiljan dregur að sér. Annars er sjónvarp kannski ekki besta markaðstækið á almennum markaði enda áhorfendahópur sjónvarps takmarkaður,“ segir Steinunn sem bendir á að „þar sem þátturinn er mjög sértækur dregur hann að sér bókmenntaáhugafólk, en er

kannski ekki líklegur til að ná í nýja áhorfendur, lesendur. Er ekki markmið markaðarins að ná í nýja neytendur?“

Steinunni finnst ekkert „benda til þess að þáttarstjórnandi sé handbendi einhverra markaðsafla, en það er augljóst að áhugasvið eins manns, Egils Helgasonar, hefur veruleg áhrif á hvað fjallað er um hverju sinni.“

Um Egil hafði Steinunn þetta að segja: „Egill Helgason er varðhundur hefða, og ef það ætti að skipta honum út þá væri frísk umfjöllun um möguleika bókmenntanna, tilraunamennsku og framtíðarhorfur bókarinnar einn möguleikinn. Egill er maður sem heldur hlutum þar sem þeir hafa alltaf verið.“

Bryndís Loftsdóttir starfsmaður Félags íslenskra bókaútgefenda

„Sú spurning sem ég spyr mig oft er eitthvað á þessa leið; hvað er markaður fyrir mikla fjölmiðlaumfjöllun um bækur og hvaða vinklum eru neytendur efnisins helst að leita eftir, það er gagnrýni, viðtölum við höfunda, djúpri fræðilegri greiningu og fleiru. Samkvæmt könnun sem til er hjá Miðstöð íslenskra bókmennta þá hefur helmingur þjóðarinnar lítinn sem engan áhuga á umfjöllun um bækur. Tæplega 30% hefur hins vegar mjög mikinn áhuga og rúmlega 20% hefur nokkurn áhuga.“

Sjálf er Bryndís „jákvæð í garð sjónvarpsþáttarins Kiljunnar og ég tel hann hafa haft jákvæð áhrif á bókmenntalíf þjóðarinnar. Umfjöllunin er fjölbreytt og dýpkar yfirleitt þegar líður á þáttinn. Nær undantekningarlaust kemur þar eitthvað fram sem vekur áhuga minn og þess vegna reyni ég að missa ekki af þætti. Sýningartími er góður, fyrir þá sem horfa á línulega dagskrá, og lengd þáttarins passleg.“

Bryndís myndi vilja sjá Kiljuna „ganga allan ársins hring“ enda finnst henni brýnt að þjóðin lesi líka á sumrin. „Þátturinn hefur byrjað seint að hausti og lokið snemma að vori. Aðrir fjölmiðlar hafa ekki teygst sig inn á það „gat“ sem þarna myndast svo vart er hægt að slá því föstu að Kiljan standi í vegi fyrir annarri fjölmiðlaumfjöllun. Maður hefði til dæmis haldið að nægt svigrúm væri fyrir umfjöllun um til dæmis glæpasögur og aðra vinsæla bókmenntalega afþreyingu, fyrir fjölmiðla sem byggja afkomu sína á fjölda neytenda og auglýsingatekjum.“

Bryndís segir markaðsleg áhrif Kiljunnar vera merkjanlega en í mismiklum mæli. „Mín upplifun er sú að gagnrýnendur þáttarins geti þar vegið þyngst og hreyfi meira við markaðinum en viðtöl og umfjallanir. Þá hafa gagnrýnendur missterkar raddir og mér virðist sem persónulega einlæggar frásagnir af lestrarupplifun hafi meiri markaðsleg áhrif en fræðileg gagnrýni.“

Jakob Bjarnar Grétarsson bókmenntafræðingur og blaðamaður

„Kiljan er athyglisvert fyrirbæri, og áhrif hennar eru ótvíræð; heimildir mínar meðal útgefenda segja að jákvæð umfjöllun í Kiljunni ýti verulega undir bóksölu. Menn merkja það á sölunni,“ segir Jakob og veltir því fyrir sér „hvort Kiljan hafi einhver sérstök menningarleg áhrif, nema þá að viðhalda ríkjandi ástandi; það er ég ekki viss um. Í Kiljunni fer ekki fram heit menningarpólitísk umræða, og þetta er stærra atriði en ætla mætti í fyrstu. Nú kynni einhver að spyrja hvort það sé ekki bara ljómandi fínt að þeir sem um er fjallað séu svona lukkulegir með þetta? Þarf alltaf að ráðast á menn og málefni? En þetta snýst ekki um það, heldur hina dauðu hönd áhugleysisins. Sem menningarblaðamaður - svona „on and off“ - í áratugi, er ég hugsí.“ Jakob hefur sett fram þá kenningu, „við nokkrar óvinsældir“ að stanslaus kröfugerð menningarfólks um aukinn hlut listafregna í fjölmiðlum sé ekki í raun krafa um frétttaflutning heldur aukna kynningu og lof.“ Jakob segir að langlífi Kiljunnar megi „sennilega rekja til tvenns: Fáir þættir falla eins vel að skilgreindu hlutverki Ríkisútvarpsins. Því ber beinlínis að vera með slíkt efni á boðstólnum; að skrá menningarlífið með einhverjum hætti. Og svo náttúrlega þolgæði og dugnaður umsjónarmannsins, Egils Helgasonar, sem er með betri sjónarvarpsmönnum. Ég sé ekki marga sem gætu haldið þessu úti svo lengi við þessar aðstæður sem ég er að lýsa.“

9 Lokaorð

Kiljan Egils Helgasonar er bókmenntaþáttur með almenna skírskotun; nýtur mikilla vinsælda og hefur mikinn áhrifamátt. Kiljan hefur mikil áhrif á hvað fólk kaupir eða fær lánað af bókum. Það er ótvíræð niðurstaða þeirrar rannsóknarspurningu sem lagt var upp með við samningu þessarar ritgerðar, að komast að því hvort Kiljan sé áhrifamikill bókmenntaþáttur, eftir að hafa rætt við aðila sem starfa á ýmsum sviðum sem tengjast útgáfu, sölu og útlánum á bókum á Íslandi.

Svo virðist sem hinn prófgráðulausi Egill Helgason hafi fundið upp einhverskonar „formúlu“ sem virkar; í það minnsta hefur engum áður tekist að halda úti svona lengi þætti um bókmenntir í sjónvarpi, og ekki nóg með það – þátturinn er afar vinsæll (sem auðvitað útskýrir langlífð) og mjög áhrifamikill, eins og áður sagði. Egill Helgason vinnur með bókaútgefendum; Jóhann Páll Valdimarsson segir beinum orðum að bók seljist eða seljist ekki eftir gagnrýni í Kiljunni, og því hægt að segja að Egill og gagnrýnendur þáttarins séu örlagavaldar bóka; vald þeirra er mikið því þátturinn hefur gífurlega yfirburði yfir aðra miðla. Bókabúðir og bókasöfn finna fyrir þessum áhrifum og staðfesta í raun áhrifamátt þáttarins. Egill gerir bókmenntaumfjöllun að áhugaverðu, vinsælu og áhrifamiklu sjónvarpi. „Formúla“ Egils snýst að miklu leyti um að hafa Kiljuna almenna en ekki fræðilega – þátturinn er á „mannamáli“ og almenningur skilur vel hvað fer fram í þættinum. Hvað varðar áhrif á bókmenntalíf Íslendinga ber þáttur Egils Helgasonar, Kiljan, höfuð og herðar yfir aðra þætti og umfjallanir um bókmenntir hér á landi, svo sem í útvarpi, í dagblöðum, eða í tímaritum og á netinu.

Heimildaskrá

- Anna Þóra Steinþórsdóttir. (2015). *Sjónvarpið í tölvunni: Áhorf ungmenna á sjónvarpsefni og viðhorf þeirra til RÚV*. (MA-ritgerð). Háskólinn á Bifröst, Félagsvísindasvið. Sótt 18. febrúar 2019 af <https://skemman.is/handle/1946/23716>
- Auður Aðalsteinsdóttir. (2016). *Bókmenntagagnrýni á almannavettvangi: Vald og virkni ritdóma á íslensku bókmenntasviði*. (Óbirt doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Hugvísindsvið, íslensku- og menningardeild.
- Auður Aðalsteinsdóttir. (2011). Sláurtíð gagnrýnenda. *Spássían*, 3 (2), bls. 24-26.
- Auður Jónsdóttir, Bára Hulda Beck og Steinunn Stefánsdóttir. (2018). *Þjáningarfrelsið- Óreiða hugsjóna og hagsmuna í heimi fjölmiðla*, Reykjavík: Mál og menning.
- Auður Jónsdóttir. (munnleg heimild, 16. júní 2018) Viðtal höfundar við Auði Jónsdóttur.
- Bryndís Loftsdóttir. (munnleg heimild, 29. júní 2018) Viðtal höfundar við Bryndísi Loftsdóttur.
- David Thomson. (2016). *Television a Biography*. London: Thames & Hudson.
- Egill Helgason. (2011). Illugi, ég og Tíminn. *Eyjan*. Sótt 5.6. 2018 af <http://eyjan.dv.is/eyjan/2011/03/15/illugi-eg-og-timinn/>
- Egill Helgason. (2011). Um kynjahlutföll í bókmenntaheiminum. *Eyjan*. Sótt 3.6. 2018 af <http://eyjan.dv.is/eyjan/2011/03/18/um-kynjahlutfoll-i-bokmenntaheiminum/>
- Egill Helgason. (2012). Nýtt fólk í Kiljuna. *Eyjan*. Sótt 1.6. 2018 af <http://eyjan.dv.is/eyjan/2012/09/14/nytt-folk-i-kiljuna/>

Egill Helgason. (munnleg heimild, 7. júní 2018). Viðtal höfundar við Egil Helgason.

Einar Már Guðmundsson. (munnleg heimild, 5. júní 2018). Viðtal höfundar við Einar Má Guðmundsson.

Eiríkur Örn Norðdahl (2010). Formáli að bókmenntagagnrýni: Um þikur og besefa. *Spássían*, 1, bls. 27.

Freyr Gígja Gunnarsson. (2010). Gagnrýnandi Kiljunnar gagnrýnir í Kiljunni. *Vísir*. Sótt 6.6. 2018 af <http://www.visir.is/g/2010791487335>

Guðmundur Oddur Magnússon (Goddur). (munnleg heimild, 29. júní 2018). Viðtal höfundar við Guðmund Odd Magnússon (Godd).

Hildur Knútsdóttir. (munnleg heimild, 22. júlí 2018).

Hildur Lilliendahl Viggósdóttir. (munnleg heimild, 2. ágúst 2018).

Jakob Bjarnar Grétarsson. (munnleg heimild, 2. júní 2018). Viðtal höfundar við Jakob Bjarnar Grétarsson.

Jón Karl Helgason. (munnleg heimild, 7. júní 2018) Viðtal höfundar við Jón Karl Helgason.

Jónatan Garðarsson. (munnleg heimild, 14. júní 2018). Viðtal höfundar við Jónatan Garðarsson.

Jóhann Páll Valdimarsson. (munnleg heimild, 4. sept. 2018). Viðtal höfundar við Jóhann Pál Valdimarsson.

Katrín Bjarnadóttir. (munnleg heimild 25. júlí 2018).

Kiljan og konurnar. (2011, 18. - 20. mars). *Fréttatíminn*, 2(11), bls. 31.

Linda Rós Arnarsdóttir. (munnleg heimild 25. júlí 2018).

Pétur Gunnarsson. (munnleg heimild 16. júní 2018). Viðtal höfundar við
Pétur Gunnarsson.

Rúnar Logi Ingólfsson. (munnleg heimild 10. ágúst 2018).

Safnadeild RÚV. (munnleg heimild, 19. júní 2018).

Sigurður G. Valgeirsson. (munnleg heimild 17. júní 2018). Viðtal höfundar við
Sigurð G. Valgeirsson.

Steinunn Knútsdóttir. (munnleg heimild 29. júní 2018). Viðtal höfundar við
Steinunni Knútsdóttur.

Svanur Már Snorrason. (2010). Ef sannfæringin bilar á maður að hætta. *Mannlíf*, 2(27),
bls. 54-59.

Þorbjörn Broddason. (2005). *Ritlist, prentlist, nýmiðlar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.